



austur glugginn

Fréttablað Austurlands

fréttæmt vikublað

34. tbl. - 10. árg. - 2011 - Föstudagur 2. september Áskriftarverð kr. 1.400 á mánuði - Verð í lausasölu kr. 450 ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðfjörður
Stöðvarfjörður

ÞÚ ERT Á GÓÐUM STAÐ

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is

SVN
Síldarvinnslan hf
www.svn.is

Ný og betri afgreiðsla á Reyðarfirði

Landflutningar á Reyðarfirði hafa flutt sig um set í stærra og betra húsnæði. Er afgreiðslan opin virka daga frá 9:00-16:00.

Nýja heimilisfangið er:
Landflutningar-Samskip
Nesbraut 10 - 730 Reyðarfjörður
Sími 458 8840
landflutningar@landflutningar.is

Landflutningar SAMSKIP



Ummæli stjórnarþingmanns vekja hörð viðbrögð

bls. 2

Meðal efnis:

Vilberg Marínó Jónsson, markakóngur Íslands, **bls. 20** • Arnheiðarstaða-vötturinn endurgerður, **bls. 8** • KK tónleikar í Loðmundarfirði, **bls. 8** • Framkvæmdaleyfi við Ysta- Rjúkanda veitt, **bls. 8** • Neysluvatnsmengun í Vopnafirði, **bls. 14** • Styrktartónleikar í Eskifirði, **bls. 17** • Kristján Möller skrifar um Norðfjarðargöng, **bls. 19**

NÝR AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS

Mánud.-Fimmtud. **11:00-18:30** Föstudagur **10:00-19:30**
Laugardagur **10:00-18:00** Sunnudagur **12:00-18:00**

BONUS BÝÐUR BETUR

Ummæli stjórnarþingmanns vekja hörð viðbrögð

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona Samfylkingarinnar, kom fram í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni, sunnudaginn 28. ágúst sl. og var þar viðmælandi Sigurjóns M. Egilssonar, þáttastjórnanda ásamt Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, þingkonu Sjálfstæðisflokksins, og Eygló Harðardóttur, þingkonu Framsóknarflokksins.

Kárahnjúkavirkjun óðs manns æði

Mikil umræða átti sér stað í þættinum varðandi atvinnusköpun og stöðuna í þjóðfélaginu. Þorgerður Katrín og Eygló deildu hart á ríkisstjórnina og töluðu mikið um aðgerðaleysi hennar. Sigríður Ingibjörg varaði við því að hvetja til óskynsamlegra fjárfestinga til að örva hagvöxt. Í því dæmi nefndi hún það að hún teldi álversframkvæmdir í Helgúvík óraunhæfa fjárfestingu og hvatti stjórnmalamenn, einkum Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn, að „tala varlega um aðgerðaleysi og slíkt því það skiptir höfuðmáli að þær fjárfestingar séu arðbærar svo við sitjum ekki uppi með annað eins ævintýri og Kárahnjúkavirkjun sem var óðs manns æði“ sagði Sigríður. Í viðtalinu sagði Sigríður Landsvirkjun hafa gert hneisulega samninga við ALCOA sem hafi gert „það að verkum að afraksturinn af Kárahnjúkum skilar sér í aukinni arðsemi ALCOA án þess að íslenskur almenningur fái að njóta arðs af sínum auðlindum og ef að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur vilja halda áfram með slíkar fjárfestingar eins og þeir bera ábyrgð á varðandi Kárahnjúkavirkjun þá held ég að það sé mikið feigðarflan fyrir íslensku þjóðina og þetta eru flokkar sem verða að horfast í augu við það að þú getur ekki alltaf vaðið áfram heldur þarf að sjást fyrir í því sem þú ert að gera og tryggja að þær fjárfestingar sem farið er út í skili arðsemi, annars er það hagvöxtur sem er ósjálfbær.“

Ummælin vekja hörð viðbrögð

Viðbrögð íbúa á Austurlandi og kjörinna fulltrúa leyndu sér ekki í kjölfarið. Austurglugginn hafði samband við þingmenn allra flokka, forsvarsmenn SSA, forstjóra Landsvirkjunar, forstjóra ALCOA – Fjarðaáls, bæjarstjóra Fljótshéraðs og Fjarðabyggðar og forseta bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Því miður fengust ekki svör frá Tómasi Má, forstjóra ALCOA – Fjarðaáls, Herði Arnarsyni, forstjóra Landsvirkjunar, Birki Jónssyni, þingmanni Framsóknarflokksins og Þuríði Backman, þingkonu Vinstri Grænna fyrir birtingu þessa blaðs.

Fordómar í garð atvinnurekstrar

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var ómyrkur í máli gagnvart orðum Sigríðar og sagði að á „[m]illi 70% og 80% af tekjum Landsvirkjunar koma af stóriðju. Eigið fé fyrirtækisins er nú um 200 milljarðar og virði þess a.m.k. þrisvar sinnum það. Þessi mikla eign er að mestu vegna sölu raforku til stóriðju sem hófst seint á sjöunda áratugnum. Arðsemi Kárahnjúkavirkjunar er nú um 6% og hefur farið hækkandi. Ef Sigríður Ingibjörg getur bent á arðbærari fjárfestingarkost þá væri það vel þegið. Þessi ummæli Sigríðar lýsa vel viðtækri vanþekkingu hennar á málefnum og hún hefur með þessum ummælum sínu stimplað sig rækilega inn í hóp þeirra stjórnmalamanna á Alþingi sem tala án þess að hugsa. Ég gef ekkert fyrir þessa skoðun hennar enda byggir hún ekki á neinu öðru en fordómum hennar í garð atvinnurekstrar.“

Hlýtur að gagnast þjóðinni allri

Jónína Rós Guðmundsdóttir, samflokkskona Sigríðar, segist deila þeirri hugmyndafræði að „raforkuverð til stórra kaupenda hefur verið alltof lágt og er ég mjög ánægð með að Landsvirkjun er að breyta áherslum sínum í því sambandi og leitast nú við að selja orkuna á verði sem tryggir að fyrirtækið og þar með þjóðin færi eðlilegan arð af auðlindum sínum. Það finnst mér raunar eiga að gilda um allar auðlindir í þjóðareign. Varðandi þau ummæli að almenningur hafi engan arð haft af Kárahnjúkavirkjun er ég ekki sammála henni. Efnahagsleg áhrif hennar og álversins á Mið-Austurlandi hafa um margt verið mjög jákvæð, skapað fjölbreytt störf sem mörg krefjast mikillar sérfræðiþekkingar, auk afleiddra starfa og slíkt hlýtur að gagnast þjóðinni allri. Að mörgu leyti hafa samfélagsleg áhrif einnig verið góð.“

Það þarf að skapa hagvöxt í landinu með aukinni atvinnusköpun, þar er hlutverk stjórnvalda að leggja línur með lagasetningu og er það einlæg von mín að með nýrri tillögu um rammalöggjöf um vernd og nýtingu orkukosta okkar muni skapast ný hugsun í orkunýtingarhugmyndum okkar þar sem unnið er innan þessa ramma og horft fram í tímann.“

„Fyrirgef þeim því þeir vita ekki hvað þeir gjöra“

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótshéraðs, sagðist ekki geta annað en vísað til orðanna „[...]“ fyrirgef þeim því þeir vita ekki hvað

þeir gjöra“ þegar á fjörur manns reka ummæli og fleira sem frá óvitum eru komin en það er erfiðara að afgreiða ummæli eins af okkar þjóðkjörnu fulltrúum með þeim hætti. Ég sé ekki ástæðu til að tjá mig sérstaklega um ummæli þingmannsins enda dæma þau sig best sjálf. Ég vek hins vegar athygli á niðurstöðum rannsóknna Háskólans á Akureyri á áhrifum þeirra framkvæmda sem þingmaðurinn er að fjalla um en samkvæmt þeim er þjóðhagsleg hagkvæmni þeirra ótvíræð.“



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

Áhrif virkjanaframkvæmda jákvæð

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, tekur það fram að „ég hlustaði ekki á allt samtalið og hef fyrirvara á því að ég sjái ekki allt samhengið í viðtalinu. En það er mikilvægt þegar verið er að ræða þessi mál að meta efnahagsleg áhrif virkjana eins og Kárahnjúkavirkjunar og meta þetta þá einnig í þjóðhagslegu samhengi þ.e. taka verður með í reikninginn samsvarandi fjárfestingu og rekstur þeirra iðnfyrirtækja sem kaupa orkuna. Á þetta er bent í skýrslu Gamma Management hf. sem fjallar um efnahagsleg áhrif af rekstri og arðsemi Landsvirkjunar til ársins 2035 og finna má á landsvirkjun.is. M.ö.o. þarf að taka inn í þessa umræðu öll þau áhrif sem verða með tilkomu viðkomandi virkjunar. Íslenskur almenningur nýtur góðs af uppbyggingu Kárahnjúkavirkjunar vegna þess að sú virkjun hefur gefið af sér fjárfestingar og atvinnustarfsemi sem skapa gríðarlega mörg störf, hefur jákvæð áhrif á hagvöxt og lífskjör í landinu. Í þessu dæmi kemur arðurinn líka til fólks í gegnum atvinnusköpun sem leiðir m.a. af sér skattgreiðslur sem kemur öllum landsmönnum til góða“

Kárahnjúkavirkjun greiðir sig fyrir upp en áætlað var

Valdimar O. Hermannsson, formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, gefur lítið fyrir ummæli Sigríðar og segir það „með miklum ólíkindum að stjórnarþingmaður, eða þingmaður sem vill láta taka mark á sér, setji fram slíkar fullyrðingar og sleggjudóma, jafnvel þó að hún hafi í þessu spjalli verið í mikilli vörn fyrir vonda stöðu sem þessi aðgerðarlitla ríkisstjórn er í, m.a. á sviði uppbyggingar atvinnutækifæra og í því að skapa störf sem gefa síðan margvíslega af sér aftur, til samfélaga og ríkis, í formi

skatta og einkaneyslu við viðunandi atvinnustig“.

Valdimar segir að það sé ekki rétt hjá Sigríði Ingibjörgu að Kárahnjúkar og stóriðjuuppbygging á Austurlandi skili þjóðinni ekki arði af sinni auðlind „það er nú öðru nær, því sýnt hefur verið fram á að framkvæmdir við Kárahnúka munu greiða sig upp mun fyrir og skila meiri arði til Landsvirkjunar, og þar með þjóðarinnar, en áður var áætlað og er það byggt

m.a. á þeim samningi sem gerður var við Alcoa, þó svo að sá samningur, og m.a. þróun á álverði á heimsmarkaði hafi einnig komið fyrirtækinu vel, og sú velgengi svo aftur skilað sér m.a. til þess samfélags sem það er rekið í og til alls Austurlands, með einum eða öðrum hætti. Fólk verður nú að fara að átta sig á því hvaðan tekjurnar koma og hvað það er sem býr til góð samfélög, atvinnu og velferð, en það er m.a. gjaldeyrisskapandi framleiðslugreinar eins og sjávarútvegur og álframleiðsla, ásamt mörgu öðru. Ekki getum við skattlagt okkur út úr erfiðri stöðu og nær alger stöðnun í atvinnuuppbyggingu kemur okkur heldur ekkert áfram inni framtíðina, það vitum við herna fyrir austan. Skildi þessi annars ágæta kona hafa komið hingað austur, en við sveitarstjórnarmenn myndum jafnvel fórna allt að heilum degi, í annars miklu annríki okkar, til þess að sýna henni þá grósku sem hér er, en fylgja henni svo aftur í kvöldflugið, sem jú lendir rétt hjá 101 í Reykjavík“.

Kominn tími til að horfa fram á við

Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, hafði það um málið að segja að „ummæli eins og þessi dæma sig algjörlega sjálf og óskiljanlegt að svona nokkuð komi úr munni stjórnarþingmanns. Orkuverð er tengt álverði og það er mjög hátt í heiminum í dag og hefur verið lengi, það sést vel á ársreikningi Landsvirkjunar og sýnir að það fyrirtæki nýtur ágætis arðsemi af sínum fjárfestingum. Svo má líka velta því fyrir sér, hvornig ástand mála á Íslandi, eftir hrun, væri ef menn hefðu ekki haft álverið á Reyðarfirði og þann iðnað og sjávarútveg sem skapa megnið af útflutningsverðmætum þjóðarinnar. Það er orðið tímabært fyrir stjórnarþingmanninn, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, að fara að hætta að horfa í baksýnispegilinn og fara að líta fram á veginn og vinna að framtíð þjóðarinnar.“

Stöðfirskt bræðrabandalag



Stöðfirsku bræðurnir Margeir, Bryngeir og Guðgeir Margeirssynir eru allir starfsmenn Alcoa Fjarðaáls í sumar. Margeir hefur reyndar unnið í skautsmiðjunni í tæp fjögur ár, en bræður hans komu inn sem sumarstarfsmenn í vor, Bryngeir í kerskála og Guðgeir í steypuskála. Guðgeir er nemi í húsgagnasmíði við

Tækniskólann í Reykjavík en Bryngeir er að læra á náttúrufræðibraut í Borgarholts-skóla. Aðeins tvö skólaár eru milli allra bræðranna, Margeir er 22 ára, Guðgeir tvítugur og Bryngeir 18 ára. Við náðum tali af Guðgeir, sem sagði að vinnan kæmi ansi oft til tals við matarborðið í foreldrahúsum á Stöðvarfirði.

Búinn með eitt ár í húsgagnasmíði

Guðgeir var að klára sitt fyrsta ár í húsgagnasmíði við Tækniskólann í Reykjavík. „Ég byrjaði í málaranum en það átti ekki við mig. Mér fannst húsgagnasmíðin spennandi og er mjög ánægður í náminu. Ég var búinn að vera í sumarvinnu í Reykjavík þrjú síðustu sumur og var alveg kominn með ógeð og langaði að komast austur í vinnu. Margeir hefur mikið talað um vinnuna og hann er mjög ánægður, þannig að það var um að gera að prófa að sækja um. Í fyrstu hræddist ég að ég þylði ekki vaktavinnuna, en hún hefur lagst vel í mig. Mér finnst þetta fyrirkomulag fínt, en ég lít bara á þessi þriggja daga frí sem mínar helgar,“ segir Guðgeir.

Hvernig líkar honum lífið innan veggja fyrirtækisins? „Bara mjög vel, vaktin mín er fín. Ég er á víravélinni í steypuskálanum. Ég kom ekki inn með neinar væntingar. Þó er kannski eitt, ég varð hálf stressaður á grunnnámskeiðunum, ég var hræddur um að ég þyrfti að muna allt sem þar var sagt. Það er erfitt að meðtaka allt þetta efni áður en maður hefur farið út á starfsstöðvarnar. Þetta kom svo allt saman. Ég vissi að þetta væri allt saman stórt og mikið, en það hefur vanist alveg ótrúlega,“ segir Guðgeir.

Útflutningur frá Fjarðaáli nam 250 milljónum króna á dag

Árlega framleiðir Alcoa Fjarðaál í Reyðarfirði um 346 þúsund tonn af áli til útflutnings, í formi hreins gæðaáls, álblanda og álvíra. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýútgefnu staðreyndaskjali Fjarðaáls, þar sem birtar eru helstu lykiltölur um starfsemi og samfélagsleg áhrif hennar.

Í skjalinu, sem ber heitið Staðreyndir um starfsemi Alcoa Fjarðaáls, kemur fram að heildartekjur af útflutningi áls frá landinu hafi numið um 220 milljörðum króna á síðasta ári, en það svarar til um 25 prósentu af útflutningstekjum þjóðarinnar. Fjarðaál er stærsta iðnfyrirtæki landsins og nam hlutur þess í heildarvöruútflutningnum um 17 prósentum. Ekkert annað fyrirtæki hér á landi flytur út meira vörumagn.

Fjarðaál flutti út ál fyrir tæplega 790 milljónir dollara, sem svarar til 94 milljarða króna miðað við gengi bandaríkjadollars í desember síðastliðnum. Verðmæti útflutningsins nam því rúmlega 250 milljónum króna hvern dag. Um 33% útflutningstekna fyrirtækisins urðu eftir í landinu, eða rúmlega 31 milljarður króna.

Laun, opinber gjöld og keypt þjónusta

Að sögn Ruth Elfarsdóttur, framkvæmdastjóra fjármála hjá Alcoa Fjarðaáli, greiddi fyrirtækið um 4,3 milljarða króna í laun og launatengd gjöld á árinu 2010 og námu meðallaun starfsmanna 6,9 milljónum króna á árinu. Auk þess keypti álverið vörur og þjónustu innanlands fyrir um tíu og hálfan milljarð og 1,1 milljarður króna var greiddur í opinber gjöld til ríkis og sveitarfélagsins Fjarðabyggðar í formi fasteignagjalda, hafnargjalda, orkusatts og fyrirframgreidds tekjuskatts samkvæmt samningi við ríkið. Starfsfólk Fjarðaáls greiddi um 1,3 milljarða króna í tekjuskatt og útsvar.

Starfsmenn

Hjá Fjarðaáli starfa um 480 manns. Guðný Björg Hauksdóttir framkvæmdastjóri mannauðsmála hjá Fjarðaáli, segir að auk þeirra starfi um 320 manns á álversvæðinu á vegum ýmissa undirverktaka við störf náatengd álverinu. „Hér eru því að jafnaði um 800 manns að störfum,“ segir Guðný. Hún segir að um fjórðungur starfsmanna Fjarðaáls séu konur, en það er hærra hlutfall en í nokkru öðru álveri í eigu Alcoa.



Á NÆSTUNNI...

...verður ár liðið frá Stöðvarfjarðarfundinum sem haldinn var í kjölfar þess að tilkynnt var að Íslandspóstur og Landsbankinn áformuðu að loka útibúum sínum þar. Fundurinn var fjölmennur og teygði umræðan anga sína víða. Þó svo að umræðan hafi snúist að lokum að mestu um Þjóðveg 1 þá höfðu nokkrir Stöðfirðingar lítinn áhuga á þeirri umræðu og bundu ekki miklar vonir við að sú ákvörðun hefði mikil áhrif á búsetukosti kjarnans. Síðan þá hefur hafist uppbygging á Sköpunarmiðstöðinni í gamla frystihúsinu, kaffihús, upplýsingamiðstöð og fleira. Blaðið mun á næstunni fara yfir orð og efndir fundarins í til-efni að því að ár er liðið frá því hann var haldinn.

...mun afmælisrit Austurgluggans koma út en í desember verða 10 ár liðin frá því Austurglugginn hóf göngu sína. Af því tilefni verður gefið út afmælisrit þar sem m.a. verður farið yfir helstu þætti í fjölmiðlasögu Austurlands.

...munu sveitarstjórnarmenn á Austurlandi koma saman og skerpa á sameiginlegum stefnumálum sínum. Fróðlegt verður að fylgjast með því hversu vel sveitarstjórnarmönnum gengur að koma sér saman um ýmis mál sem fullt er að þarfnist samstöðu t.d. samgöngumál. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi verður haldinn á Fljótshálsbæ 30. september næstkomandi og lýkur deginum þar á eftir þann 1. október.

...kemur það í ljós hvort Hetti og/eða Fjarðabyggð takist að komast upp í 1. deild í knattspyrnu. Deildin hefur sjaldan verið eins spennandi og nú en þegar þrjár umferðir eru eftir á um helmingur liðanna í deildinni tæknilegan möguleika á því að komast upp um deild. Ég hugsa að það myndi gleðja áhangendur beggja liða ef liðin myndu fylgjast að í að fara upp.

...kemur út fullt af skemmtilegum og fréttæmum tölublaðum Austurgluggans, viku eftir viku.

...nær gæsaveiðin hámarki og við tekur skemmtilegt tímabil áhugasamra skotveiðiáhugamanna.

...er hætta á að margir hreindýraveiðimenn verði við veiði á sama tíma því samkvæmt Vísi.is er haft eftir hreindýraleidsögumanni að veiðimenn séu mun seinna á ferðinni en áður. Það er því rík ástæða til að fara varlega.

...hefst þingstörf af fullum þunga en þingfundir hefjast aftur í dag eftir hlé. Almennur bíður eflaust eftir afgreiðslu ýmissa mála í þeirri von að fá farsæla úrlausn eða a.m.k. svör hvað varðar sín hagsmunamál þ.m.t. Norðfjarðargöng, fjárlög næsta árs og máli málanna hvort sett verði á laggirnar rannsóknarnefnd til að rannsaka hina dularfullu en upplýstu ákvörðun sem lá að baki stuðningi Íslands við loftárásir NATO á Líbýu. Ekki veit ég hvað það er sem ekki liggur fyrir sem ætti að rannsaka en það verður fróðlegt að fylgjast með því máli í meðferðum Alþingis.

...kemur betri tíð.

Lifið heil
Ragnar Sigurðsson

Samfylkingarframsóknarmenn og megrun Sigmundar Davíðs



Nú er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn farinn af landi brott og þá stendur allt til bóta. Ögmundur virðist kenna honum um flest sem miður hefur farið en telur hann þó ekki alsælman. Þar sem sjóðurinn hugsaði meira um að bjarga fjármálakerfinu heldur en fólkinu þá er ef til vill ekki skýrtið þó eldri borgarar séu orðnir þreyttir á að geyma peninga á bankareikningum. Reyna að bjarga þeim undir koddann áður enn allt brennur upp. Það er svo sem ekki nýtt að menn fjalli um kjör aldraðra. Þessa vísu sendi Helgi Seljan en hún er eftir Ólaf Einarsson er lengi bjó á Jökuldal og Reyðarfirði:

Okkur hrella yfirvöld,
ögna helling kjörum.
Mörgum svellur kveðjan köld
og krókna í ellisnörum.
Ólafur Einarsson

Ingvi Hrafn Jónsson, fréttamaðurinn kjaftgleiði, olli miklum taugatitringi um daginn þegar hann kallaði Guðmund Steingrímsson-Framsóknarhomma. Þetta fór mikið fyrir brjóstið á einhverjum forsvarsmönnum hjá Samtökunum 78. Samkynhneigðir hafa oft þurft að þola margt í þjóðfélaginu en að vera kallaðir Framsóknarmenn er trúlega með því versta sem þeir hafa lent í:

Illa leiknir erum snar
orðin hjórtu sviða.
Fríðir hommar framsóknar
Finnast ekki víða.
Glúmur

Meira af Framsóknarmönnum því nú er formaðurinn kominn í megrun og til að ná sem bestum árangri borðar hann aðeins íslenskan mat. Víkingar borðuðu ekkert annað en eðalfóður og meltingarfærni í Íslendingum ráða ekki við pasta að ég tali nú ekki um kjúkling og svínakjöt. Næringarinnihald íslenska matarins er líka betra en þekktist í hinum stóra heimi. Það er vonandi að Sigmundur leggi af en fái samt ekki skyrbjúg er var þó nokkuð vinsæll sjúkdómur



Tryggðu þér
áskrift að
fréttablaði
austfirðinga

ÁSKRIFTARSÍMI

Sendu netpóst á auglysing@austurglugginn.is
eða hringdu í síma 477-1571.

hér á öldum áður. Líklegasta skýringin á þessum fullyrðingum hans gæti hreinlega verið að hann hafi óvart borðað ofskynjunarsveppi í stað íslenskra lerkisveppa og hafi því ekki verið með réttu ráði er hann kom með þessar yfirlýsingar. Kannski er hluti af skýringunni hversu fljótt Sigmundur léttist sú að maturinn fari ekki of vel í hann.

Matarræðið mikið gaf
miklum tölum strax að flíka
Drýpur lýsið drengnum af
Drullan kannski eitthvað líka
Glúmur

Guðmundur Magnússon fyrrverandi forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands sendi mér eina vísu. Læt ég skýringar hans hér fylgja. „Ásmundur Helgason (1872-1949) bjó lengi á Bjargi í gamla Helgustaðahreppi. Hann var bóndi, sjómaður og fræðimaður. Ásmundur ritaði ævisögu sína og nefndi hana Á sjó og landi. Hún er stórmerkileg samtímaheimild. Um þennan heiðursmann varð þessi vísa til:

Í ártugi sótti hann sjó
Sífellt hress og glaðru.
Ævilangt á Bjargi bjó
bóndi og fræðimaður.

Læt þessu lokið að sinni. Ætlaði mér að fjalla um hugsanleg landakaup Kínverja en læt það bíða þangað til í næstu viku. Væri samt sem áður gott ef einhverjir sendu inn vísur um þetta tiltekna mál í næsta vísnaðhorn.

Vinsamlegast sendið á glumur2@centrum.is
eða frett@austurglugginn.is

Hjalli



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
telur óráðlegt að leggja af
stað í óarðvæn ævintýri.

BÚÐAREYRI 7, 730 REYÐARFJÖRÐUR

Ritstjóri & ábyrgðarmaður: Ragnar Sigurðsson • frett@austurglugginn.is • Fréttasími: 477 1750

Auglýsingastjóri og þjónusta við áskrifendur: Lára Björnsdóttir • 477 1571 & 891 6484 - auglysing@austurglugginn.is

Fréttaritari í Neskaupstað: Áslaug Lárusdóttir s. 695 8498 - aslaugl@gmail.com • Fréttaritari á Vopnafirði: Bjarki Björgólfsson s. 865 7471 - kompan@vortex.is

Útgefandi: Útgáfufélag Austurlands ehf. • Umbrot og prentun: Héraðsprent.

austur glugginn

Úrvalið er hjá okkur

Innimálning - útimálning - viðarvörn - girðingaefni!



Viðarvörn

6.390 kr.

Pinotex

6 lítrar

Vnr. 89410460-650

PINOTEX CLASSIC

viðarvörn, margir litir, 6 l.



4 lítrar

Vnr. 86332040-9040

Viðarvörn

KJÖRVARI viðarvörn,

margir litir, 4 l.

5.490 kr.



4 lítrar

Vnr. 8630040-1337

Viðarvörn

KJÖRVARI þekjandi

viðarvörn, margir litir, 4 l.

7.990 kr.



1 lítri

Vnr. 86331110

Gluggamálning

Þekjukjørvari, olíuakrýl,

allir litir, 1 l.

2.190 kr.



1 lítri

Vnr. 89540110/210

Gluggamálning

PINOTEX gluggamálning,

brúnt eða hvítt, 1 l.

2.990 kr.



10 lítrar

Vnr. 85551083-183

Útimálning

BYKO inni- og útimálning,

hvít 10 l, gljástig 6.

7.990 kr.



10 lítrar

Vnr. 89600183-483

Múrmálning

SADOLIN múrmálning, allir

litir, 10 l. Góð alhliða akrýl/olíu-

málning til notkunar utanhúss.

10.990 kr.



10 lítrar

Vnr. 86647583-8083

Múrmálning

KÓPAL STEINTEX, hvítt, hrímhvítt,

marmarahvítt eða antikhvítt, 10 l.

11.900 kr.



Vnr. 0291100

Girðingastaurar 495 kr.

Girðingastaur, gagnvarinn, yddaður, 70/1800 mm



Vnr. 0292105/6/205

Túngrðinganet 13.990 kr.

Túngrðinganet 5,6 eða 7 strengja, 65 eða 90 cm, 100 m.

Verð frá:

Girðingaefni í úrvali!




Vnr. 0293100/25

Gaddavír 5.390 kr.


MOTTO gaddavír, 1,6 mm, 200 m.

Verð frá:




Flestir atvinnulausra á Austurlandi eru konur á aldrinum 30 – 49 ára.


Gengur illa að fá fólk í vinnu



Fjöldi atvinnulausra eftir búsetu í byggðakjörnum.



Flestir atvinnulausra hafa eingöngu grunnmenntun.



Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun koma atvinnulausir einstaklingar á Austurlandi úr ofangreindum atvinnugreinum.

*Kæru ættingjar
vinir og velunnarar*

Ég og eiginkona mín Guðrún Sigurjónsdóttir sendum ykkur hér með hjartkærar þakkir fyrir heillaóskir og gjafir að tilefni 95 ára afmælis míns. Sérstakar þakkir til golfklúbbs Norðfjarðar, Samvinnufélags Útgerðamanna, Iceland Air og allra þeirra sem stóðu að glæsilegu golfmóti mér til heiðurs. Hittumst heil á næsta Stefánsmóti.

Stefán Þorleifsson.

Nokkrir viðmælendur Austur-gluggans sem eru í atvinnurekstri hafa kvartað undan því hve illa þeim gengur að fá fólk í vinnu. Um er að ræða allskyns störf þó einna helst sé um að ræða almenn afgreiðslustörf. Engu að síður eru á milli 200 og 300 manns á atvinnuleysiskrá á Austurlandi samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun. Þar af eru um 50 manns í hlutastarfi. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru 40 störf skráð laus í lok júlí en 18 í lok júní. Vinnumálastofnun hefur greint atvinnuleysistörlur fyrir Austurland eftir búsetu, kyni, aldri, menntun, starfsstétt og atvinnugrein en inn í

þeim tölum eru þeir undanskildir sem eru í hlutastörfum og einnig skortir ítarlegri upplýsingar um 30 manns. Eftir standa 150 manns á atvinnuleysiskrá sem Vinnumálastofnun hefur greint niður samkvæmt fyrrgreindum hætti.

austur glugginn

Vilt þú verða umræðuhæfur á kaffistofnunni?

Hringdu í fréttasíma
Austurgluggans 867-2151

Góður veitingarstaður

með fjölbreyttum matsæðli, gistiheimili með 11 herberju, matseðill mánuð fram í tímann fyrir vinnuhópa og alla sem vilja, sendir bakkar eða borðað á staðnum.

Veislubjónusta

Barnaafmæli, pizzur og fl. Veislur fyrir stærri hópa. Bolti í beinni á 100"breiðtjaldi og 50" sjónvarpi.

Kaffihúsið
guesthouse

Opíð: *Verið velkomin*
Sun. - mið. 12:00-22:00
Fim. 12:00-24:00
Fös. - lau. 12:00-01:00.

Kaffihúsið · Strandgata 10 · 735 Eskifirði
Símar 476 1150 / 894 6606

Það munar miklu að vera í Námunni

Náman er vildarþjónusta fyrir alla námsmenn, 16 ára og eldri. Lögð er áhersla á þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins, betri kjör og fjölbreytt fríðindi.

Kynntu þér Námana á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.



JÓNSSON & LEIMACKS • JLI.IS • SÍA

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





*Aðdragandi
þessa verkefnis var
kynning á vattarsaumi sem
haldin var á vegum Þorpsins
og Minjasafnsins sl. haust.
Í kjölfarið voru haldin námskeið á
Egilsstöðum og í Fljótsdal.*

Arnheiðarstaðarvötturinn endurgerður í Fljótsdal

Í lok 19. Aldar (1889) fannst vattarsaumaður vöttur (vettlingur) úr ull við Arnheiðarstaði í Fljótsdal. Talið er að hann sé frá 10. öld og er með elstu munum úr textíl sem varðveist hafa hér á landi og auk þess eina vattarsaumaða flíkin sem fundist hefur.

Fljótlega fæddist sú hugmynd að endurgera vöttinn frá Arnheiðarstöðum og í kjölfar námskeiðsins varð til handverkshópur í Fljótsdal

sem nú kallar sig Droplaug - hið Fljótsdælzka handverksfélag. Hópurinn hefur hist reglulega í vetur og æft vattarsauminn. Fljótsdalshreppur veitti Droplaugu styrk til að standa straum af kostnaði við endurhönnun vattarins. Síðastliðin sunnudag, á Fljótsdalsdegi Orms-teitis, var vötturinn settur formlega í sölu í Snæfellsstofu en þeir verða einnig seldir í Minjasafni Austurlands, Þjóðminjasafninu og Húsi Handanna á Egilsstöðum.



KK - tónleikar í Loðmundarfirði



Tæplega 300 manns sóttu tónleika með Kristjáni Kristjánssyni, betur þekktum sem KK, í Loðmundarfirði síðastliðið laugardagskvöld. Tónlistargestir sóttu tónleikana með ýmsu móti, nokkrir gestir komu gangandi frá Seyðisfirði og aðrir gangandi frá Borgarfirði. Þá nýttu sumir hjólréiðarnar sínar á meðan aðrir gestir komu á stærri farartækjum eins og fjórhjólum, bílum en einnig komu tveir bátar með fólk frá Seyðisfirði. Veður var gott, logn en kólnaði lítilsháttar um

kvöldið. Vel tókst til og voru skipuleggjendur afar ánægðir með það hversu vel tónleikarnir voru sóttir. Gestir hátíðarinnar fóru allir með bros á vör að loknum tónleikum og sagði Þórhallur Þorsteinsson, einn skipuleggjanda tónleikanna að sjálfur KK „hefði farið á kostum og þar sem þessir tónleikar tókust svona vel er ekki ólíklegt að þetta verði endurtekið í einhverri mynd að ári“.



KK og Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, ásamt samherja sínum úr Borgarfirði, einum af þremur borgarstjórum Fjarðarborgar, Skúla Sveinssyni.



Framlenging starfsleyfis vegna hringvegar um Ysta-Rjúkanda

Austurglugginn greindi frá því í sumar að Vegagerðin hefði farið fram á eignarnám í landi Hjarðarhaga og Skjöldólfsstaða vegna byggingar nýrrar brúar á Ysta- Rjúkanda. Landeigendur eru afar ósáttir við að Vegagerðin skuli fara fram með þeim hætti og krefjast þess að eignarnám verði ekki heimilað og hafa sent stjórnsýslukæru þess efnis til Innanríkisráðuneytisins. Þá hafa landeigendur lýst því yfir að þeir séu

ekki á móti framkvæmdinni og hafa boðist til að þinglýsa afnotarétti til Vegagerðarinnar.

Settu skilyrði

Skipulags- og mannvirkjanefnd tók fyrir skemmstu fyrir beiðni um framlengingu starfsleyfis frá Vegagerðinni. Í afgreiðslu nefndarinnar lagði nefndin skilyrði fyrir framlengingunni þess efnis að framlengingin verði veitt „þegar leyst hefur verið úr þeim málum

er varða landeigendur.“

Bæjarstjórn samþykkir án skilyrða

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs ákvað að veita framlengingu starfsleyfis á fundi bæjarstjórnar þann 17. ágúst sl. Í fundargerð bæjarstjórnar segir að Vegagerðin hafi skrifað sveitarfélaginu bréf í kjölfar ákvörðunar Skipulags- og mannvirkjanefndar um fyrrgreint skilyrði fyrir framkvæmdaleyfi. Í bréfi Vegagerðarinnar „kemur m.a. fram að málefni er snúa að landeigendum og

skipulags- og mannvirkjanefnd vís-
aði til í sinni afgreiðslu, eru komin í
lögmæltan farveg“ segir í fundargerð
bæjarstjórnar. Í ljósi þess var eftir-
farandi tillaga lögð fram og samþykkt:
„Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs sam-
þykkir að framlengja áður útgefið
framkvæmdaleyfi Vegagerðarinnar
til lagningar hluta hringvegar um
land Hjarðarhaga og Skjöldólfsstaða
1 og byggingar nýrrar brúar á
Ysta- Rjúkanda“.



Landsvirkjun

FRÉTTIR ÚR FLJÓTSDALSSTÖÐ



Sjálfbærniverkefni – frumkvöðlastarf á heimsvísu

Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar var komið á laggirnar árið 2004 í upphafi framkvæmda við byggingu álvers Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar. Markmiðið með verkefninu var að styðja hugmyndafræði um sjálfbæra þróun og fylgjast með áhrifum framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi.

Hugtakið sjálfbær þróun var fyrst kynnt til sögunnar í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem kom út árið 1987 en þar var hugtakið skilgreint sem: „Mannleg starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja sínum þörfum.“ Þegar sjálfbærniverkefninu hér fyrir austan var komið af stað, eins og áður sagði árið 2004, hafði hvorugt fyrirtækjanna, Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun, forskrift að því hvernig staðið skyldi að því og kom fljótlega í ljós að þar var um frumkvöðlastarf að ræða, ekki eingöngu hér á landi heldur á heimsvísu. Ráðnir voru íslenskir og erlendir ráðgjafar til aðstoðar við verkefnið auk þess sem fyrirtækin fengu til liðs við sig fulltrúa ýmissa hópa, bæði með og á móti framkvæmdunum, og var þannig myndaður samráðshópur sem vann að verkefninu.

Yfirlýsing um vilja

Notkun hugtakanna sjálfbær þróun og sjálfbærni felur ekki í sér yfirlýsingu um að framkvæmdir og rekstur fyrirtækjanna séu eða verði sjálfbærar heldur felst í þeim vilji fyrirtækjanna að fylgja þeirri stefnu að framkvæmdir og rekstur falli sem best að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og hafa fyrirtækin því mótað stefnumið í samræmi við það. Miðar sú stefna að því að virða skoðanir fólks og vernda þá sem bæði vinna fyrir fyrirtækin og búa í þeim samfélögum sem

fyrirtækin starfa. Þá miðar hún einnig að því að hafa uppbyggileg áhrif á samfélagið, stuðla að langtíma efnahagslegum ábata, nýta auðlindir með hagkvæmum hætti og nota hreinni framleiðslutækni, viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og heilbrigði vistkerfa, taka tillit til þarfa núlifandi og komandi kynslóða, hvetja til samstarfs við hagsmunaaðila og sýna ábyrgð og góða stjórnun.

Sjálfbærnivísar

Við mælingar á sjálfbærni eru notaðir svokallaðir sjálfbærnivísar sem eiga að endurspegla hinar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, þ.e. samfélag, umhverfi og efnahag. Sextán samfélagsvísar voru mótaðir og teknir til vöktunar í sjálfbærniverkefninu á Austurlandi og má þar nefna kynjahlutfall í vinnuafli, ánægju starfsfólks, öryggi starfsfólks, menntun og þjálfun, samfélagslega virkni starfsfólks o. s. frv. Þá voru 24 umhverfsvísar mótaðir og teknir til vöktunar og má þar nefna gæði grunnvatns og yfirborðsvatns við álver, rennsli fossa, magn og meðhöndlun úrgangs, hljóðmengun við Fjarðaál og í Reyðarfirði, rykmistur o. s. frv. Fimm efnahagsvísar voru ennfremur mótaðir en þeir snúa að ferðaþjónustu, útflutningi Fjarðaáls, efnahagslegum ábata við þjóðarframleiðslu, fjárhagsstöðu sveitarfélaga og magni vöru og þjónustu framleidda á Íslandi. Hægt að fara inn á heimasíðu sjálfbærniverkefnisins, sjalfbærni.is og skoða markmið, árangur, áætlanir o.fl. tengdum hverjum þessara sjálfbærnivísa. Þá hafa nokkrar áfangaskýrslur verið gerðar frá upphafi sjálfbærniverkefnisins til að gera grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið ásamt stöðu verkefnisins á hverjum tíma. Þessar skýrslur er einnig hægt að nálgast á heimasíðunni.

Mynd: Þórhallur Arnason





Sumarvinnuhópur Fljótsdalsstöðvar að loknu góðu dagsverki.

Fjölbreytt og ógleymanlegt sumar

Í sumar hefur Landsvirkjun tekið á móti gestum í Végarði sem er gesta- og kynningarstofa Fljótsdalsstöðvar. Þar fá gestir kynningu á Kárahnjúkaframkvæmdinni og kynnast raforkuvinnslu í Fljótsdalsstöð. Í allt sumar hefur verið boðið upp á skipulagðar skoðunarferðir og leiðsögn um Kárahnjúkastíflu og Háslón. Þau Arna Óttarsdóttir og Dagur Skírnir Óðinsson hafa séð um að taka á móti gestum og segjast þau ánægð með sumarið þó svo að veðrið hafi ekki verið eins gott og síðastliðin sumar. Talsverð aukning gesta hefur verið í sumar og segjast þau finna fyrir almennri ánægju þeirra á meðal.

Auknar gestakomur

Arna og Dagur segja að í Végarð komi fólk á öllum aldri og af hinum ýmsu þjóðernum. Íslendingar og Þjóðverjar eru í meirihluta þeirra gesta sem heimsækja Végarð en í sumar hafa þau fundið fyrir talsverðri aukningu Breta. Merkjanleg aukning er fjölda gesta í Végarð og munar þar mestu um fjölda erlendra ferðamanna sem koma í heimsókn. Ástæða aukningarinnar er sú að brugðið var á það ráð að lengja opnunartímann um þrjár klukkustundir á dag og einnig var lagt upp með það að auglýsa í ár á ensku og setja Végarð inn í helstu ferðabæklinga. Skemmtiferðaskip sem leggja við Seyðisfjarðarhöfn koma í skipulagðar ferðir í Végarð með Atlantik en um 1500 manns hafa komið á þeirra vegum í heimsókn. Þau segja að júní hafi verið „fremur rólegur en júlí fór fram úr væntingum okkar og tengjum við það klárlega við betra veður og þar að leiðandi meiri ferðahug Íslendinga og erlendra gesta.“

Mikill áhugi á Kárahnjúkastíflu

Helstu spurningar gesta snúa að álverinu og framleiðslu þess. En einnig eru almennar spurningar um gerð virkjunarinnar, hvernig hún virkar og hvert rafmagnið fer. Í sumar var ákveðið að hafa leiðsögumann uppi á Kárahnjúkastíflu sem hefur verið þar til staðar og svarað spurningum gesta í sambandi við stífluna, gljúfrið og lónið og hefur Þórhallur Pálsson leyst það verkefni. Þau Dagur og Arna segjast finna fyrir miklum áhuga á stíflunni og gestir eru almennt mjög ánægðir með þá nýbreytni og auknu þjónustu við ferðamenn. Þau segja jafnframt að „allir gestir sumarsins hafa verið mjög jákvæðir í garð virkjunarinnar og hefur það komið mörgum á óvart hversu mikill metnaður er lagður í að ganga frá, og hafa allt sem snyrtilegast eftir framkvæmdirnar. Einnig hafa margir haft á orði að vélasalurinn sé snyrtilegri en stofan heima hjá þeim.“

Litir og listaverk heilla

Frá 10. júní til 10. ágúst var boðið uppá ferðir inn í stöðvarhúsið, sem hafa mælst vel fyrir á meðal gesta. Keyrt er frá Végarði um 2 kílómetra inn í Norðurdal en á leiðinni má sjá margt skemmtilegt, meðal annars Valþjófsstaðakirkju en inni í henni er fræg eftirlíking af hurð sem var skorin út á 13. öld. Háspennulínurnar sem liggja til Reyðarfjarðar sjást vel og einnig línar sem liggja í áttina að Kröflu. Keyrt er yfir frárennissliskurð virkjunarinnar en í honum miðjum

er listaverk sem kallast Eilífðardraumurinn eftir Ólaf Þórðarson. Gestum Végarðsstofu hefur þótt listaverkið (báturinn í miðjum frárennissliskurði) mjög áhugavert og hefur verið nefnt að það líti út fyrir að vera búið til úr sápuþykki og /eða osti. Þegar rennt er upp að þjónustubyggingunni blasir við tengivirkið og snjóvarnargarður á bak við það. Það er mál manna að það sem sést fyrir utan fjallið sé sérstakt og fallegt og því þykir aðkoman að Fljótsdalsstöð einkar skemmtileg.

Því næst er keyrt í gegnum göng, um kílómetra inn í Valþjófsstaðafjall. Þegar inn í stöðvarhúsið er komið sést hversu gríðarlegt mannvirki virkjunin er en vélasalurinn er um 115 metra langur og 34 metrar á hæð. Þar inni gefst fólki tækifæri til þess að virða fyrir sér salinn, lesa sér til og taka myndir. Erlendir ferðamenn hafa sérstaklega gaman af því að fá að sjá inn í virkjunina og hvað þá mega taka myndir. Litasamsetning vélasalarins þykir frumleg og nýtskuleg en litirnir fjólublár og gulur eru þar í aðalhlutverki. Listaverk Betty Bier vekja þá mikla athygli en hún sýnir gífsmót sem tekin voru úr lónsstæðinu áður en byrjað var að fylla upp í Háslónið.



Gestum Végarðs fjölga milli ára

Fjölmarginir kostir í Fljótsdal

„Við höfum verið í góðu samstarfi við nágretta okkar herna í Fljótsdal, bæði Snæfellsstofu og Skriðuklaustur, og hvetjum við alla til þess að kíkja þangað sem hingað koma“ segir Arna. „Boðið hefur verið uppá rútuferðir frá Egilsstöðum, þrisvar á dag yfir háannatíma sumarsins, inn í Fljótsdal og stoppar rútan meðal annars hjá Hallormsstað, Hengifossi, Skriðuklaustri og herna í Végarði. Við teljum tilvalið fyrir ferðamenn að nýta þennan kost í að skoða umhverfið í Fljótsdal sem er engu líkt“ segir Dagur.

Mikil fjölgun gististaða

Gistiplássur í Fljótsdal hefur fjölgað mjög mikið undanfarin tvö sumar með tilkomu Laugafellsskála, gistirýmum Fljótsdalsgrundar og tjaldstæðinu við Végarð. Sú fjölgun á eflaust sinn þátt í aukningu gesta í Fljótsdal en þau Dagur og Arna telja að ferðamönnum komi til með að halda áfram að fjölga næstu árin vegna ýmissa

samverkandi þátta s.s. fjölgunar gististaða, aukinnar þjónustu við ferðamenn á staðnum, aukinnar markaðssetningu, skipulagðra rútuferða og fjölgunar skemmtiferðaskipa.

Fjölbreytt sumarvinna

Uppgræðslustarf er í höndum Landbótasjóðs og ruslatínsla í höndum sumarvinnuhóps Landsvirkjunar, en sumarvinnan tekur einnig þátt í uppgræðslunni í samstarfi við Landbótasjóðinn. Auk uppgræðslu og ruslatínslu tekur sumarvinnuhópurinn einnig þátt í fjölda verkefna og má þar nefna verkefni í samstarfi við Hött en hópurinn eyddi viku í að gera Vilhjálmsvöll sem glæsilegastan. Sumarvinnuhópurinn leggur þannig áherslu á samstarf við nágrennið með ýmsum verkefnum. Í sumar hefur hópurinn t.d. tekið að sér að slá gras í kirkjugörðum, bæði í Fljótsdal og á Jökuldal. Einnig tók hópurinn þátt í LungA (Listahátíð ungs fólks á Austurlandi) sem sjálfbóðaliðar í einn dag.

Í ágúst fóru Dagur og hluti af krökkunum á Borgarfjörð eystri til að sinna verkefni. Þau gistu á gistiheimilinu Borg og sá sveitarfélagið um að leggja út fyrir mat og græjum. Verkefnið sem lá fyrir var að stika og endurstika nokkrar af mörgum glæsilegum gönguleiðum í kringum Borgarfjörð eystri. „Fyrsti dagurinn var fremur kaldur en náðist þó að laga stikur alla leið upp Kækjaskörð og var það gott dagsverk. Daginn eftir lág svo leiðin í Loðmundarfjörð til að stika nýja gönguleið. Starfsmennirnir fengu meðal annars að kíkja á leifar af gömlu stöðvarhúsi en heimavirkjun var í Loðmundarfirði strax snemma á síðustu öld. Borgfirðingurinn Hafþór Snjólfur stjórnaði þessari ferð og fræddi hópinn um sögu þessa merka fjarðar. Þriðja daginn var haldið yfir Gönguskarð og til Stapavíkur. Margar stikur voru málaðar og lagaðar í þeirri ferð og að endingu var stoppað og hvílt sig í Stapavík en þar gafst hópnum kostur á að njóta þeirrar miklu fegurðar sem umhverfið hefur upp á að bjóða áður en lengra var haldið. Úr Stapavík var gengið til Unaóss en á miðri leiðinni rákumst við á dauðan hval og þurftu tveir starfsmenn að hafa sig alla við til að kasta ekki upp því lyktin var engum manni boðleg. Síðasta gönguleiðin var svo úr botni Borgarfjarðar til Stóruvörð. Var það heilmikil ganga sem var þó þess virði þegar að útsýnið á Dyrfjöllin mætti okkur á endastöð. Olli það þó nokkrum vonbrigðum hversu mikill snjór var ennþá á svæðinu og því skartaði urðin ekki alveg sínu fegursta þennan daginn“ segir Dagur. „Á kvöldin var svo ýmist farið í fótbolta, spilað, horft á sjónvarp eða farið og veitt en afli heimsóknar okkar á Borgarfjörð samanstóð af fjórum marhnútum og einum þorski en að sjálfsögðu var öllum fiskunum sleppt eftir að hafa verið dregnir á land. Var það mál manna að Borgarfjörður sé mekka afþreyingar á Íslandi og vildu menn helst vera þar áfram“ segir Dagur.



Dagur og Arna nýttu þá fáu daga sem gafst til afslöppunar í sólinni

Frábært sumar

Að lokum vildu þau Arna og Dagur þakka öllum starfsmönnum Landsvirkjunar fyrir skemmtilegt og ógleymanlegt sumar. Þau segja að „samstarf starfsmanna Landsvirkjunar í Fljótsdal hefur gert það að verkum að auðvelt er að leysa úr verkefnum sem legið hafa fyrir hverju sinni. Viljum við þakka öllum samstarfsmönnum, gestum og nágrönnum fyrir frábært sumar.“

Rafbíllinn Think í heimsókn

Rafbíllinn Think frá Noregi kíkti í heimsókn í Végarð og var gestum boðið að reynsluaka bílnum einn sunnudaginn í júlí. Um 30 manns reynsluóku bílnum og kunnu flestir vel að meta, en sáu ekki fram á að kaupa svona bíl í nánustu framtíð vegna hás verðs.




Kalt vor og lítið vatn

Vorið 2011 var óvenju kalt. Frá 19. maí til 30. júní var meðallofthiti á Akureyri verið sá lægsti síðan mælingar hófust 1949. Sama er að segja með lofthita í Hallormsstað en mælingar þar hófust 1961. Næst lægst var hitastigið á þessum tíma árs á Akureyri vorið 1952 og á Hallormsstað árið 1981. Í júlí tók að hlýna en í ágúst hefur frekar kólnað. Rennsli í jökulsánum sem renna í Háslón og í Ufsarlón Fljótsdalsstöðvar er mjög háð lofthita vegna bráðnunar. Þegar vorið er svona kalt bráðnar hvorki snjór né jökull og vorflóðum seinkar.

Sögulegt lágmark

Rennsli til Fljótsdalsstöðvar var 19. maí til 30. júní í sögulegu lágmarki. Frá því farið var að fylgjast með rennsli Jökulsár á Dal árið 1950 hefur rennsli ekki verið minna. Næst lægst var rennslið þetta tímabil vorið 1958. Jökulsá í Fljótsdal rennur í Ufsarlón og þar er sömu sögu að segja og með innrennslið í Háslón þ.e.a.s. Jökulsá í Fljótsdal hefur ekki verið eins vatnslítill að vori síðan mælingar í henni hófust 1998. Vorflóðin komu í júlí og rennsli inn í Háslón var yfir meðaltali árána 1950-2011 í júlí og fyrstu dagana í ágúst. Heldur hefur dregið úr innrennslinu er líða tók á ágúst mánuð.

Vatnshæð Háslóns var 620,7 m. y.s. 24. ágúst og hefur hækkað hægt undanfarna daga. Yfirfallshæðin er í 625 m. y.s. og líklegt er að vatnsborð nái ekki yfirfalli fyrr en seint í september eða október. Einnig er möguleiki að Háslón fyllist ekki þetta haustið.



Ferðamennska og vegakerfi Fljótsdalsstöðvar

Í fréttabréfi Fljótsdalsstöðvar 2010 var sagt frá því umfangsmikla vega- og slóðakerfi sem varð til á hálendinu norðan Vatnajökuls við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Í þessari grein verður aðeins skoðað hvaða möguleika þessir virkjanavegir geta haft fyrir ferðamennsku á svæðinu.



Bundið slitlag inn á hálendið

Augljósustu áhrif virkjunarinnar á vegakerfið í nágrenni þess eru þau, að nú er kominn vegur með bundnu slitlagi úr Fljótsdal inn á hálendið sem fær er fyrir alla bíla. Þessi vegur er nefndur Kárahnjúkavegur og er hann um 60 km langur með bundnu slitlagi. Hann liggur upp úr Fljótsdal við Bessastaði, síðan inn Fljótsdalsheiði að Laugarfelli þar sem hann sveigir til vesturs og þverar Fljótsdalsheiði og Vesturöræfin að Jökulsá á Dal, en yfir hana liggur vegurinn á Kárahnjúkastíflu. Þegar komið er skammt vestur yfir Kárahnjúkastíflu endar slitlagið og jeppaslóðir taka við. Af veginum er í björtu veðri einstakt útsýni til fjalla og jökla. Besta útsýnið er þó þegar farið er yfir svonefndan Urg á Vesturöræfum, en þar er vegurinn í um 700 metra hæð. Þá blasir við í suðvestri Kverkfjöllin og síðan fjallapyrpingin allt að Herðubreið í norðvestri. Í forgrunni er Kárahnjúkurinn sem rís upp úr landinu við Hálslón.

Á slóðum Hrafnkels Freysgoða

Vesturöræfi og Fljótsdalsheiði eru söguslóðir Hrafnkelssögu Freysgoða. Við veginn eru skilti sem greina frá sögustöðum úr Hrafnkelssögu og gönguleiðum tengdum sögunni.

Þá hefur Landsvirkjun komið fyrir upplýsingaskiltum meðfram veginum með upplýsingum um virkjunartilhögun, staðarvísun og örnefnaskiltum fyrir ferðamenn.

Við Kárahnjúkastíflu hefur Landsvirkjun komið upp aðstöðu og þjónustu við ferðamenn. Jónína Guðnadóttir listakona hefur gert þar listaverk sem er hellulagður flötur í hliðinni þar sem útsýni er yfir Hálslón, Kárahnjúkastíflu og Hafrahvammagljúfur. Af göngustígnum sem er á ölduvarnarvegg Kárahnjúkastíflu er útsýni yfir Hálslón annarsvegar og hinsvegar niður í Hafrahvammagljúfur. Þá má geta listaverks eftir Ingunni Þráinsdóttur „Vindhreindy“ sem stendur skammt frá Kárahnjúkavegi við Laugarfell, sem vakið hefur verðskuldaða athygli.

Gott aðgengi

Mörk Vatnajökulsþjóðgarðs liggja rétt sunnan Kárahnjúkavegar þar sem hann liggur vestur Fljótsdalsheiði og Vesturöræfi, en Kárahnjúkavegur er eina greiða leiðin að norðausturhluta þjóðgarðsins. Vegir inn í þjóðgarðinn á þessu svæði eru allt jeppavegir. Það er líklegt að Kárahnjúkavegur geti dregið að sér ferðamenn og lengt dvöl þeirra á Austurlandi, ef kynning á honum væri efl. Það má segja að öræfin norðan Vatnajökuls séu með þessum vegi orðin almannaeign, þar sem þau eru nú aðgengileg fólki á venjulegum fólksbílum.

Frábært útsýni með örnefnaskilti

Vegakerfið teygir sig einnig til austurs yfir Jökulsá í Fljótsdal,

sem nú hefur verið brúuð neðan Ufsarstíflu. Þetta svæði var áður mjög fáfarið, enda ekki á allra færi að aka torfærubílum yfir vaðið á Jökulsá í Fljótsdal ofan Eyjabakkafoss.

Vegurinn er með bundnu slitlagi suður fyrir Laugarfell að áningastað sem þar er fyrir ferðamenn. Frá áningastaðnum liggur gönguleið austur fyrir Laugarfell að útsýnisstað þáðan sem víðsýnt er til fjallanna austan jökulsár í Fljótsdal og Laugarfljóts. Á útsýnisstaðnum hefur verið komið fyrir örnefnaskilti.

Fyrir neðan útsýnisstaðinn blasir við fjallaskáli sem Fljótsdalshreppur hefur látið byggja, þar sem gestir og gangandi geta keypt sé veitingar.

Fjölbreyttir möguleikar út frá Sauðárvatni

Við áningastaðinn við Laugarfell tekur við malarvegur sem liggur inn á Hraun og endar við Sauðárvatn á Hraunum sem er í um 800 metra hæð. Þessi malarvegur er vel fær jepplingum.

Frá Sauðárvatni er hægt að fara í margar áhugaverðar gönguferðir. Þannig er hægt að ganga á einum degi frá Sauðárvatni um Lónsöræfi að Illakambi. Ef farið er frá Egilsstöðum er rúmlega eins og hálfstíma akstur upp að Sauðárvatni. Þar sem aðeins er um eins dags ferð að ræða er bakpokinn léttur og ef gengið er vestan við Víðidalsá er milli 5 og 6 tíma létt ganga í Egilsel. Frá Egilssemi er 3 tíma ganga niður í Múlaskála við Illakamb. Síðan er tæprar klukkustundar ganga frá Múlaskála upp á Illakamb þar sem bíllinn sem flytur göngumenn niður í Lón bíður. Ef dagurinn hefur verið tekinn snemma gefst nokkur tími til að skoða sig um á leiðinni. Alls ekki má fara framhjá Tröllatungum án þess að skoða þá tröllslegu náttúrismið og skemmtilegu gönguleið sem er um Leiðartungur að Múlaskála, þótt hún sé nokkuð lengri en ef gengin er stysta leiðin milli skálanna. Kosturinn við að fara á einum degi þessa gönguleið er að þá er hægt að velja gott veður til ferðarinnar og jafnframt meta hvort Lónsöræfin eru annarrar ferðar virði, sem er mat flestra sem þangað koma.

Frá Sauðárvatni er einnig tilvalið að ganga á Þrándarjökul. Þá má nefna gönguleiðir niður í Hamarsdal eða Geithellnadal.

Af mörgu fleira er að taka ef lýsa á öllum þeim möguleikum sem vega- og slóðagerð á virkjunarsvæðinu hafa opnað fyrir ferðamenn, en hér skal staðar numið.



Mikilvægt að kynna sér ástand vega

Að lokum skal á það bent að margir malarvegir að mannvirkjum Fljótsdalsstöðvar eru lokaðir almennri umferð með bannskilti þar sem á stendur „nema starfsmenn“. Þeim sem hafa hug á að aka vegi sem þannig eru merktir skal bent á að hafa samband við upplýsingaþjónustu Landsvirkjunar í Végarði. Starfsmenn hennar geta gefið upplýsingar um ástand viðkomandi vegar og veita góðfúslega leyfi til aksturs eftir veginum ef ástand vegarins og vinnuumferð um hann leyfa umferð ferðamanna.

Pétur Ingólfsson

Snæugla á Austurlandi



Á vef Náttúrustofu Austurlands kemur fram að í sumar hafi frést af tveimur snæuglum á Austurlandi. Dæmi eru um örfáar snæuglur hér á landi og sjaldgæft að þær reyni varp hér. „Aðal ástæða þess er að öllum líkindum skortur á heppilegri fæðu“ segir á heimasíðu Náttúrustofu Austurlands. Snæuglan er alfriðuð og þeir sem rekast á þennan sjaldgæfa fugl eru beðnir að hafa samband við starfsmenn Náttúrustofu. Ekki fást uppgæfnar upplýsingar um það hvar sést hefur til fuglsins hér á Austurlandi né hvar þær halda til. Á vef Náttúrustofu segir að Snæuglan sé sjaldgæfur varpfugl í Noregi. Norðmenn hafa hengt staðsetningartæki á nokkra fugla til að afla frekari upplýsinga um hagi þeirra. Niðurstöður þess og fleira fróðlegt má finna á eftirfarandi heimasíðum:

http://nrk.no/nyheter/distrikt/troms_og_finnmark/1.7763550

<http://www.birdlife.no/prosjekter/snougle.php>

Á vef Náttúrustofu, www.na.is, má sjá myndir af annarri Snæuglunni en meðfylgjandi mynd er einmitt af henni en hana tók Skarphéðinn G. Þórisson.“

STRANDMÖLLEN EHF BÝÐUR UPP Á ALLAR IÐNAÐAR- OG LYFJA- LOFTTEGUNDIR Í ÖLLUM HYLKJASTÆRÐUM

- SÚREFNI
- KÖFNUNAREFNI
- ARGON
- ARGONBLÖNDUR
- KOLSÝRU
- GLAÐLOFT
- HELÍUM



UMBODSADILAR UM ALLT LAND

- Selfoss:** Vélsmiðja Suðurlands, Gagnheiði 5, sími 482 1980
Ísafjörður: Vélsmiðja Ísafjarðar, Mjósundi 1, sími 847 6668
Akureyri: BSA, Laufásgötu 9, sími 460 7700
Reyðarfjörður: Olís, Búðareyri 33, sími 894 8271
Neskaupsstaður: G Skúlason, Nesgötu 38, sími 895 0610
Vestmannaeyjar: Stökkvitækjapjónustan, Vesturvegi 40, sími 899 8990

Drangahrauni 1B, 220 Hafnarfjörður
Sími 580 3990
info@strandmollen.is
www.strandmollen.is



Hafðu bankann með þér



Þú getur fengið „appið“
í símann á m.isb.is

Íslandsbanki býður fyrstur íslenskra banka upp á snjallsímaforrit

Snjallsímaforrit „app“ er, eins og nafnið bendir til, forrit sem bætir eiginleikum við snjallsímann þinn. Með „appinu“ okkar getur þú tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann og nálgast margvíslega þjónustu.

- Yfirlit og staða reikninga
- Yfirlit og staða kreditkorta
- Millifærslur
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Samband við þjónustuver
- Staðsetning útibúa og hraðbanka

Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“
frítt í símann.



Neysluvatnsmengun í Vopnafirði

Þriðjudaginn, 23. ágúst, fengu íbúar Vopnafjarðar tilkynningu frá sveitarfélaginu og heilbrigðiseftirliti Austurlands þess efnis að neysluvatnsmengun hefði komi upp. Í tilkynningunni var íbúum þéttbýlisins greint frá því að sökum



Vatnstankarnir á Búðaröxl

gerlamengunar í vatninu væri íbúum ráðlagt að sjóða neysluvatn, sem notað væri til drykkjar.

Í tilkynningunni var íbúum greint frá því að verið væri að leita orsaka og grípa til ráðstafana. Samkvæmt upplýsingum frá Helgu Hreinsdóttur, framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits Austurlands, er talið að einn af brunnum á vatnstökusvæðinu hafi laskast og yfirborðsvatn komist inn á kerfið. Brunnurinn var aftengdur og hófst sýnataka í kjölfarið og fylgst með því hvort kerfið næði að hreinsa sig af menguninni. Á meðan þurftu íbúar að sjóða allt neysluvatn ætlað til drykkjar.

Það var svo ekki fyrr en á miðvikudaginn, 31. ágúst, sem íbúum var



Aðal safnþró Vatnsveitu Vopnafjarðar. Brunnurinn er einn af nokkrum í fjallinu en þeir eru allir innan girðingar.

greint frá því að þeir þyrftu ekki lengur að sjóða vatnið þar sem það stæðist gæðakröfur neysluvatnsreglugerðar. Íbúarnir þurftu því að sjóða allt drykkjarvatn í meira en viku.

Samkvæmt tilkynningu á vef

Vopnafjarðarhrepps er talið að gerlamengunina megi rekja til mikilla rigninga að undanfögnu og af þeim sökum hafi yfirborðsvatn úr fjallinu ofan vatnsbólsins komist í brunninn.

Myndir/ Bjarki Björgólfsson

Nýstárlegur viðburður

Dagana 27. og 28. ágúst var haldin þjóðsagnahelgi á bænum Berufirði í Djúpavogshreppi. Uppákoma þessi var haldin til styrktar Nönnusafni sem er muna- og minjasafn staðsett þar á bæ. Yfirstjórn með hátíðinni var í höndum safnstjórnar. Margir lögðu hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar sem heppnaðist mjög vel í alla staði.

Fjölmargir gestir nutu upplesturs á þjóðsögum og frásögnum, gömlum og nýjum, bæði innlendum og erlendum, ásamt tónlistaratriðum og ljóðalestri á þjóðsagnahelginni. Hátíðin hófst á laugardag með helgistund í Berufjarðarkirkju kl. 14. sem séra Sjöfn

Jóhannesdóttir stýrði en einnig voru lesnar helgisögur við athöfnina. Eftir helgistundina nutu gestir veðurbliðunnar nokkra stund og skoðuðu Nönnusafn og kirkju undir leiðsögn staðkunnugra. Gestir voru síðan kallaðir til þjóðsagnatjalds með tónum töfraflautu, sem blásin var af og til um helgina ef ná þurfti athygli gesta. Í tjaldinu hófst sagnaveislan með ávarpi Gauta Jóhannessonar sveitarstjóra í Djúpavogshreppi. Var síðan lesið og kveðið það sem eftir lifði dags, með kaffi- og matarhléum, langt fram eftir kveldi. Í barnahorni voru lesnar og sagðar sögur fyrir yngstu gestina. Á sunnudag var síðan gengið til dagskrár klukkan 14 og haldið áfram þar sem frá

var horfið á laugardag. Berglind Agnarsdóttir frá Fáskrúðsfirði, núverandi Íslandsmeistari í sagnalist, kom í heimsókn og töfraði áheyrendur með ævintýrum af ýmsu tagi og endaði hátíðin með fjöldasöng undir hennar stjórn. Allan tímann var veislukaffi, súpa, rabarbaragrautur og fjalla-grasabrauð á borðum í „Gamlabæ“ í Berufirði sem nýlega var gerður upp undir eftirliti húsafríðunarnefndar og er ekki síður skoðunarverður en safnið og sóknarkirkjan. Forsvarsmenn þessa nýstárlega viðburðar og stjórn safnsins vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra fjölmörgu, sem lögðu helginni lið með upplestri, vinnu og góðum gjöfum til safnsins.



Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps, ávarpar gesti.



Hrönn Jónsdóttir, einn skipuleggjenda hátíðarinnar, hélt utan um dagskrána.



Ungur Djúpavogsbúi, Ragnar Sigurður Kristjánsson, var með upplestur á hátíðinni en hann hefur unnið til verðlauna í upplestrarkeppnum.

Íbúar á veitusvæði
Hitaveitu Egilsstaða og Fella
greiða lágan húshitunarkostnað
Geríð verðsamanburð

Erindi Veiðifélags Jökulsár á Dal samþykkt

Austurglugginn fjallaði um synjun framkvæmda á gerð rásar framhjá svokölluðum steinboga í Jökulsá sem er í Giljalandi skammt ofan við Þjóðvegshlíð. Forsvarsmenn veiðifélags Jökulsár á Dal hafa talið Steinbogann hefta mjög möguleika árinna hvað varðar laxgengd, fjölda veiðistanga og nýtingu á mögulegum veiðisvæðum árinna meðal annars.

Á síðasta fundi í Umhverfis- og héraðsnefnd Fljótshéraðs, sem var haldinn í síðustu viku, var tekin fyrir beiðni veiðifélagsins um endurskoðun sveitarfélagsins á fyrri ákvörðun sinni

um synjun framkvæmda á grundvelli náttúrusjónarmiða.

Vanhæfi

Áður en umræðan fór fram í nefndinni kom til athugasemdar um vanhæfi nefndarmanns sem hafði verið kallaður á fundinn sem varanefndarmaður fyrir Sjálfstæðisflokk. Athugasemdin var lögð fram vegna þess að Vilhjálmur Þ. Snædal, bóndi á Skjöldólfsstöðum, var talinn eiga hagsmuna að gæta af afgreiðslu málsins. Vilhjálmur vék þá af fundi á þeirri forsendu að „tefja ekki

framvindu málsins með hugsanlegum kærnum og veseni“ segir í fundargerð nefndarinnar. Áður en Vilhjálmur vék af fundi lét hann bóka það í fundargerð að hann teldi sig ekki „vanhæfari í þessu máli en hvern annan, þar sem nefndarmenn og sveitarstjórnarmenn fjalla iðulega um mál sem á ýmsan hátt geta snert þá sjálfa t.d. forseti bæjarstjórnar Stefán Bogi Sveinsson sem er starfsmaður Umhverfisstofnunar og er að fjalla um þetta mál“ segir í bókun Vilhjálms.

Lagt fyrir Skipulags- og mannvirkjanefnd

Skipulags- og mannvirkjanefnd hafði óskað eftir umsögn Umhverfis- og héraðsnefndar um málið og hafði frestað afgreiðslu þess af þeim sökum. Sú umsögn hefur nú borist frá Umhverfis- og héraðsnefnd og í henni leggur hún til að framkvæmdaleyfi verið veitt. Eftirfarandi bókun var samþykkt innan nefndarinnar með tveimur atkvæðum gegn einu (Ester Kjartansdóttir og Baldur

Grétarsson samþykktu en Aðalsteinn Ásmundarson greiddi atkvæði gegn bókuninni).

Bókun Umhverfis- og héraðsnefndar: „Umhverfis- og héraðsnefnd leggur til að framkvæmdaleyfi fyrir fiskveg um Steinboga í Jökulsá á Dal verði veitt. Nefndin leggur mikla áherslu á að rask verði lágmarkað við framkvæmdina og að frágangur verði sem snýrtillegastur.

Nokkur atriði sem nefndin leggur sérstaka áherslu á:

- 1) Ekki verði hróflað við urðinni sem myndar svokallaðan steinboga.
- 2) Sú steypa sem notuð verður, verði lituð til samræmis við bergið í gilinu.
- 3) Komi til slóðagerðar niður í gilið, verði verksummerki um hana fjarlægð að framkvæmd lokinni.
- 4) Staðið verði vel að öllu eftirliti með framkvæmdinni.“

Aðalsteinn Ásmundarson lét bóka það að „[i]trekuð er sú ósk að lausn sem ekki felur í sér óafturkræft rask á náttúrunni, verði fundin.“

Sorpurðun í Heydalamelum

Ákveðið hefur verið að hætta að taka á móti sorpi frá Fljótshéraði, Fljótshéraðshreppi og Seyðisfjarðarkaupstað á Heydalamelum í Breiðdalshreppi. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er ástæðan sú að þegar Breiðdalshreppur fékk undanþágu frá starfsleyfi sínu til þess að urða sorp frá Héraði og Seyðisfirði þá var sú undanþága til tveggja ára,

en jafnframt með þeim takmörkunum að magnið mætti ekki fara yfir 2500 tonn á tímabilinu. „Nú liggur fyrir að magnið er að nálgast þessa tölu, áframhaldandi undanþága mun ekki vera fyrir hendi sem og Fljótshérað komið með heimild til þess að hefja urðun hjá sér“ segir Páll Baldursson, sveitarstjóri Breiðdalshrepps.

Réttindagæslumaður fólks með fötlun:

- Fylgist með aðstæðum fólks með fötlun.
- Fólk með fötlun getur talað við réttindagæslumann um réttindi sín.
- Réttindagæslumaður aðstoðar fólk við að gæta réttar síns.
- Réttindagæslumaður getur líka sjálfur ákveðið að skoða mál.
- Allir sem halda að brotið sé á rétti fólks með fötlun eiga að tilkynna það réttindagæslumanni.
- Réttindagæslumaður er með fræðslu fyrir fólk með fötlun og þeirra sem þess óska t.d. aðstandendur og starfsfólk.

Mann-réttindi



Mann-réttindi eru réttindi sem allir eiga

Allir eiga rétt á heimili - Allir eiga rétt á aðstoð
Allir eiga rétt á frelsi - Allir eiga rétt á virðingu

Sigurlaug Gísladóttir

er réttindagæslumaður fatlaðs fólks fyrir Austurland allt frá og með Hornafirði til og með Vopnafirði.

- Sigurlaug.gisladdottir@rett.vel.is
- Sími 858 1964
- Tjarnarbraut 39 (Vonarland)
- 700 Egilsstaðir

Nú er það undir þér/ykkur komið að nýta mína þjónustu, þú hringir og við finnum okkur tíma saman.

Hlakka til að starfa með ykkur.

Réttindagæslumaður á Austurlandi er hálf staða, en vegna vegalenda á mínu svæði koma vinnutarnir þar sem ekki er hægt að komast hjá því að vinna meira, og verð ég því að taka aukavinnu út í frí og er því ekki alltaf við. Reyni þó alltaf að vera með síman á morgnanna eftir kl 9 til að hægt sé að bóka tíma. Sjáumst!

Mikil uppbygging hjá Skotfélagi Austurlands

Í sumar hefur Skotfélag Austurlands staðið fyrir sjö ríffilmótum og einu skammbyssumóti. Félagið sem var stofnað 1988 hefur afnot af landspildu úr landi Þuridarstaða í Eyvindarárdal á Fljótsdalshéraði. Sú aðstaða hefur verið í mikilli uppbyggingu frá því að félagið fékk afnot af landspildunni árið 2008 en í maí 2009 var félagshús flutt á staðinn en það hafði verið endurbætt á Þrándarstöðum þar sem það stóð áður. Þá var einnig hafist handa við byggingu ríffilhúss.

Þá voru settir upp varnarbattar og nú er hægt að æfa sig á skotmörk í 600 metra færi. Þeir félagsmenn sem vilja nýta sér svæðið geta fengið keypta lykla hjá stjórnarmönnum. Í ágúst 2010 fékk Skotfélag Austurlands starfsleyfi á nýja svæðinu, frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands en þar er þess meðal annars krafist að eingöngu séu notuð stálhögl vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði.



Síðastliðið sumar (2010) var fyrsta sumarið sem félagið gat nýtt svæðið en þá voru haldin þrjú ríffilmót. Um 150 félagar eru skráðir í félagið sem hittist reglulega á skotmótum og félagsfundum. Fyrir skemmstu var keppt í veiðirífflaflokki og breyttum veiðirífflum og tóku 18 manns þátt í keppninni.

Í veiðirífflaflokki urðu úrslit þannig:

100 metrar:

- 1. Guðmundur Brynjarsson
- 2. Finnur Steingrímsson
- 3. Elías Elíasson

Í breyttum veiðirífflaflokki urðu þessi úrslit:

100 metrar:

- 1. Egill Steingrímsson
- 2. Jóhannes G. Kristjánsson
- 3. Eyjólfur Skúlason

200 metrar:

- 1. Njáll H. Sigurðsson
- 2. Egill Steingrímsson
- 3. Eyjólfur Skúlason

Þá tóku sjö keppendur þátt í seinni hluta skotmóts SKAUST sem haldið var helgina 20. – 21. ágúst.

Úrslit eru sem hér segir:

100 metrar:

- 1. Hjalti Stefánsson – 250 stig 13 x
- 2. Andri Snær Sigurjónsson – 250 stig 10 x
- 3. Eyjólfur Skúlason – 250 stig 9 x

200 metrar:

- 1. Hjalti Stefánsson – 244 stig 5 x
- 2. Andri Snær Sigurjónsson – 241 stig 3 x
- 3. Egill Steingrímsson – 239 stig 3 x

Nánari uppl. á www.skaust.net

Frjálsíþróttamót Hitaveitu Egilsstaða og Fella

Fjórða og síðasta mótið í mótaröð Hitaveitu Egilsstaða og Fella og frjálsíþróttaráðs fór fram á Vilhjálmssvelli fyrir skemmstu. Keppt var í spretthlaupi, sleggjukasti og langstökki. Að mótinu loknu fengu stigahæstu einstaklingarnir í hverjum flokki afhenta bikara fyrir afrek sumarsins.

Stúlkur 11 ára

- Magnea Petra Heimisdóttir 55
- Heiða Elísabet Gunnarsdóttir 18
- Tinna Rut Þórarinsdóttir 14
- Guðrún Edda Gísladóttir 9
- Alexandra Björt Guttormsdóttir 8

Kristín Embla Guðjónsdóttir 5
Ösp Starradóttir 1

Stúlkur 12-13 ára

- Hrefna Heimisdóttir 67
- Helga Jóna Svansdóttir 60
- Jóhanna Malen Skúladóttir 48
- Erla Viktoría Hrafnkelsdóttir 14
- Eyrún Gunnlaugsdóttir 10
- Guðbjörg Eva Þorleifsdóttir 6
- Aðalheiður Sjöfn Helgadóttir 5
- Sigríður Hliðkvist G. Kröyer 5
- Sigríður Kröyer 4
- Marta Guðlaug Svavarsdóttir 4
- Bylgja Rún Ólafsdóttir 4
- Signý Þrastardóttir 2

Stúlkur 14-15 ára

- Sandra Björk Steinarsdóttir 40
- Heiðís Sigurjónsdóttir 12
- Guðrún Birta Hafsteinsdóttir 8

Konur

- Sigríður Tinna Sveinbjörnsdóttir 56
- Auðbjörg Hulda Þórarinsdóttir 46
- Anna Katrín Svavarsdóttir 29
- Guðrún Kröyer 15
- Lovísa Hreinsdóttir 11
- Guðlaug Jóna Karlsdóttir 4
- Þuríður Sigurjónsdóttir 3



Aftari röð: Brynjar Gauti, Daði Þór og Sigríður Tinna. Fremri röð: Magnea Petra, Trausti, Hrefna Ösp, og Einar Bjarni.

Piltar 11 ára

- Trausti Marel Þorsteinsson 47
- Daði Þór Jóhannsson 29
- Henryr Elís Gunnlaugsson 8

Piltar 12-13 ára

- Einar Bjarni Helgason 51
- Atli Pálmar Snorrason 48
- Atli Geir Sverrisson 42
- Hörður Kristleifsson 36

Mikael Máni Freysson 28
Sigurður Orri Magnússon 20

Piltar 14-15 ára

Daði Fannar Sverrisson 72

Karlar

- Brynjar Gauti Snorrason 56
- Örvar Þór Guðnason 12
- Bjarni Hreinsson 11
- Andrés Kristleifsson 11

GG/ÚÍA

austur glugginn

Viltu auglýsa í Austurglugganum?

Auglýsingasíminn er **891 6484**

Styrktartónleikar á Eskifirði

Næstkomandi sunnudag, 4. september, verða haldnir tónleikar í kirkju-menningarmiðstöð Fjarðabyggðar á Eskifirði. Fyrri tónleikarnir verða kl. 15:00 og þeir síðari kl. 20:00 sama dag. Tónleikarnir eru haldnir til styrktar fjölskyldufólki og einstaklingum í Fjarðabyggð sem eiga við fjárhagslega erfiðleika að stríða. Arnleif Axelsdóttir, íbúi Eskifjarðar,

átti hugmyndina að styrktartónleikunum og hafði samband við hóp af reyndu og hæfileikaríku fólki í Fjarðabyggð og allir tóku mjög vel í hugmyndina. Arnleif segir að allir tónlistarmenn og þeir sem koma að tónleikunum hafi viljað leggja sitt af mörkum sem og sr. Davíð Baldursson, sóknarprestur á Eskifirði, sem hefur lánað hópnum kirkjuna til æfinga

og tónleikahaldsins. Arnleif segist hafa safnað saman tíu manna hópi á öllum aldri „sem að ég vissi að gæti sungið og fékk þau til að syngja ásamt því að við söfnuðum saman hljómsveit fyrir söngvarana og þar koma fram reyndir tónlistarmenn.“ Hljómsveitin Randúlfarnir frá Eskifirði og Karlakórinn Gláður stíga einnig á svið sem og ungmennti úr tónskólanum sem munu spreyta sig á ýmsum hljóðfærum.

Aðgangseyrir á tónleikana er 1500 kr. en frítt fyrir sjö ára og yngri. Arnleif hvetur fólk til að leggja sitt af mörkum til þeirra sem eiga um sárt að binda fjárhagslega með því að leggja verkefninu lið og mæta á tónleikana eða með því að styrkja hjálparstarf kirkjunnar beint með því að leggja inn á reikning:

Hjálparsjóður Kirkjunnar: 0166 - 15 - 380065, Kennitala: 520169 - 4079.

Styrktarganga

Göngum saman

Sunnudaginn 4. september verður árleg styrktarganga Göngum saman. Í ár verður gengið á ellefu stöðum á landinu, Reykjavík, Akranesi, Stykkishólmi, Patreksfirði, Ísafirði, Hólum í Hjaltadal, Akureyri, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Höfn og Selfossi. Fullorðnir þátttakendur eru beðnir um að greiða kr. 3.000 og renna göngugjöldin óskipt í styrktarsjóð félagsins. Öll vinna við undirbúning og framkvæmd er unnin af sjálfboðaliðum og margir leggja hönd á plóg um land allt.

Félagið hefur staðið fyrir slíkum fjárfölunargöngum frá árinu 2007. Í fyrra var gengið á Reyðarfirði og í ár bætast Egilsstaðir við. Á Reyðarfirði verður gengið frá Stríðsárasafninu og á Egilsstöðum frá bílastæðinu við Selskóg. Forskráning verður á báðum stöðum föstudaginn 2. september kl. 14 - 17, á Reyðarfirði í Molanum og á Egilsstöðum við Samkaup. Að göngu lokinni verður göngufólki boðið í sund í laugunum á Egilsstöðum og Eskifirði. Þá fá allir sem greiða göngugjaldið höfuðbuff með merki Göngum saman.

Í fréttatilkynningu félagsins segir að „Göngum saman á rætur í grasrótastarfi 22ja kvenna sem tóku þátt í Avon göngu í New York í október 2007 en þar var gengið til fjárfölunar

fyrir rannsóknir og meðferð á brjóstakrabbameini. Upphafsmáður er dr. Gunnhildur Óskarsdóttir en hún greindist með brjóstakrabbamein fyrir rúmum áratug síðan. Í september 2007 var styrktarfélagið Göngum saman formlega stofnað og stefnan sett á að veita árlega rannsóknarstyrki. Fjöldi félaga nálgast nú fjórða hundraðið“. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu félagsins;

www.gongumsaman.is

Lausn á gátu nr 7

Lárétt	Lóðrétt
1 Dulbúa	2 Usla
5 Þórshöfn	3 Blettótt
8 Valgerður	4 Arðrán
9 Skjalasafn	5 Þorsti
11 Glóandi	6 Öxnadals
12 Sahara	7 Pundara
13 Bílsætin	10 Jólatré
16 Stásstofa	11 Gos
17 Samfélaginu	14 Lágu
21 Nauthóll	15 Nýslegni
24 Búrfell	18 Munaðarlaus
26 Hrylling	19 Grútarsálar
27 Vísitandi	20 Bolungarvík
29 Rúning	21 Nýhorfinn
31 Ásjálegur	22 Talsverður
32 Nauðung	23 Óviss
33 Gusugangi	25 Fornmetið
34 Ergja	28 Drápan
35 Ráðrík	30 Ugga



Myndlistasýning í Frystiklefanum og Vegahúsinu

SLÁTURHÚSIÐ

Við þrjár saman:

Ásdís Jóhannas • Dagmar Einars • og Þóra Halldórs
Félagsmenn í Myndlistafélagi Fljótssdalshéraðs sýna verk máluð með olíu á striga.

Sýningin stendur út ágúst.

Opíð mánudaga – fimmtudaga frá 17:00 – 22:00.

Sláturhúsinu á Egilsstöðum, sími 894 7282.
www.slaturhusid.is

Frásagnasafn

Skaftfell

Söfnunarmiðstöð • Skaftfell – aðalsalur • Stendur yfir

Sýningar eru opnar alla daga frá 13:00 til 20:00 eða eftir samkomulagi

Austurvegi 42, 710 Seyðisfirði, sími 4721632 / 8695107.
www.skaftfell.is, skaftfell@skaftfell.is.

MATGÆÐINGUR VIKUNNAR



Sigrún Blöndal

Í sumarlok gef ég lesendum uppskrift að grilluðum laxi sem við eldum oft á sumrin og hefur þótt mjög góður. Reyndar er það svo að ég grilla ekki sjálf; það gerir maðurinn minn. Því lýsi ég því ekki nákvæmlega hvernig fiskurinn er grillaður en mér er sagt að það sé ekki mjög vandasamt.

Lax

Eitt laxaflak –
getur verið 800 til 1000 gr.
Ein krukka original mango
chutney (ekki stór krukka)
3 msk púðursykur
1 ½ msk nýmalaður svartur
pipar (svona um það bil)
2 msk Kikkoman sojasósa
4 hvítlauksrif
½ tsk salt (gróft Maldon
salt)

Byrjið á að beinhreinsa laxinn. Mér finnst mjög gaman að plokka beinin úr flakinu og nota við það flísatöng. Skerið laxinn í nokkuð væn stykki, svona u.p.b. 12 – 15 cm breið.

Hrærið saman mango chutney, púður-sykri, pipar og sojasósu í skál og bætið út í mörðum hvítlauk. Stráið salti yfir laxinn. Setjið laxastykkin á fat og smyrjið mango chutney blöndunni á þau, báðar hliðar. Látið standa í stofuhita í að minnsta kosti klukkustund.

Hitið grillið vel. Húsbóndinn á heimilinu segist pensla grillið með smjöri því þannig festist fiskurinn síður við grindina. Setjið laxinn á grillið, snúið roðlausu hliðinni niður. Eldunartíminn fer eftir stærð stykkjanna og þykkt en þarf ekki að grilla lengi. Snúið stykkjunum með spaða. Ef menn vilja er hægt að setja stykkinn í fiskiklemmu og grilla þannig. Roðið má alveg verða svolítið stökkt.

Með laxinum er ágætt að bera fram sósu sem í er:

1 dós af sýrðum rjóma
(ég nota 18% en það er ekki
naúðsynlegt)
1 hvítlauksrif (mörðu)
svolitíð gróft salt (maldon)
svolitíll sitrónusafi (eitt
kreist)
smávegis malaður pipar
söxuð basilika (nokkur blöð)
– og ef maður vill má líka
bæta við saxaðri steinseljju.

Það má hvort sem er bera fram soðnar eða ofnsteiktar kartöflur með laxinum. Ef þær eru ofnsteiktar er einfaldast að skera kartöflurnar í tvennt (eða fernt ef þær eru stórar), hella ólífuoilíu yfir og hræra í. Dreifa svo salti (grófu Maldon) yfir og svolitlum möluðum pipar. Bakað í ofni í u.p.b. 30–45 mín. við 225°C eða þar til kartöflurnar hafa tekið lit.

Það er gott að bjóða ferskt salat með þessu; með káli (grand-salati/íssalati), tómötum, gúrkum og öðru því grænmeti sem til er.

Ég skora á mágkonu mína, Hrafnhildi Hólmgeirsdóttur, að vera næsti matgæðingur Austurgluggans. Hún kennir matreiðslu við Handverks- og hústjórnaðarskólann á Hallormsstað og er einstaklega flink matreiðslumanneskja.

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR

A.A. fundir Austurlandi
Fáskrúðsfjörður: Ráðhúskjallari
föstud. kl. 20:30.
Stöðvarfjörður: Þjónustusími: 848
0301 og 892 7635.
Egilsstaðir: Furuvellir 10
þriðjud. kl. 20:00 (spor), föstud.
kl. 20:00,
laugard. kl. 22:00, sunnud. kl. 20:00.
Þjónustusími 898 3910.
Eskifjörður: Kirkjumiðstöðin
laugardaga kl. 20:30.
Neskaupstaður: Mýrinni, Mýrargötu 8
þriðjud. kl. 20:30,
safnaðarheimilið föstudaga kl. 20:30.
Reyðarfjörður: Þriðjud. kl. 20:00
í safnaðarheimilinu.

AL-ANON fundir eru á mánudögum
kl. 20:00, Furuvöllum 10 á Egilsstöðum.
AL-ANON Eskifirði
fundir eru á miðvikudagskvöldum kl
20:00, Kirkjumiðstöðinni Eskifirði.

ANNAÐ



Allur útbúnaður fyrir heimilishænur á einum stað.
Hæsnakofar í nokkrum stærðum, fóður- og
drykkjardallar, fóður, útungunavélar í nokkrum
stærðum o.fl. Útvegum einnig hænur í varpi.
Ísbú búrekstrarvörur – www.isbu.is
Sími 571-3300

www.akurinn.is

**Velkomin
til Akureyrar**

Akurinn
Gistiheimili

Brekkugötu 27a - Akureyri - Sími 461 2500
akurinn@akurinn.is - www.akurinn.is

austur glugginn

Vilt þú verða
umræðuhæfur á kaffistofunni?

**Viltu auglýsa í
Austurglugganum?**

Auglýsingasíminn er
891 6484

Ert þú með fréttaskot eða
viltu koma viðburði á framfæri?
Hringdu í fréttasíma
Austurgluggans 867-2151

FLUTNINGAR

FLUTNINGAR

Mánudaga - þriðjudaga
Austurland-Reykjavík-Austurland
VFS
Héðinsgata 1-3
105 Reykjavík
Sími 533-2211

Fimmtudagar
Egilsstaðir-Vopnafjörður-Egilsstaðir

Lagarbraut 7 - 700 Egilsstaðir
Sími 471-1112
WWW.AUSTURFRAKT.IS
AUSTURFRAKT@AUSTURFRAKT.IS

Eimskip Austurland – Afgreiðslur:
Reyðarfjörður, Eskifjörður,
Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður,
Breiðdalsvík: 525 7973
Egilsstaðir: 525 7970
Neskaupstaður: 525 7974
Djúpivogur: 525 7966
Hornafjörður: 525 7978
Eimskip Mjóeyrarhöfn: 525 7960

Kia sportage classic
Beiskiptur, skr. '98, ek.
Verð 560.000.-

Ford Focus
Beisikiptur, skr. '00
Tilboðsverð 550.000.-

Fagradalsbraut 25 • 700 Egilsstöðum
471 3005 • 471 3008
www.b1.is

KIRKJUSTARF

Egilsstaðakirkja
Kyrrestund í safnaðarheimili alla mánu-
daga kl. 18. Opið hús fyrir foreldra ungra
barna á sama stað mánudaga kl. 10-12 og
miðvikudaga kl. 13-15. Vekjum athygli á
að barna- og unglingastarfið er að hefjast
aftur eftir sumarfrí.
www.kirkjan.is/mulapofastsdaemi

HÁR & SNYRTING

Opið virka daga 9:00 - 17:00

HÁRHÖLLIN

Dynskógar 4, Egilsstöðum
sími 471 1331
Opnum alla virka daga kl. 9

VEITINGAHÚS

**Brekkan
Stöðvarfirði**
Verslun, veitingar og gjafavara
Mánudaga - föstudaga kl. 09:30 - 22:00,
laugard., kl. 10:00 - 22:00, sunnud. kl.
11:00 - 20:00, sími 475 8939.

Gisti- og veitingahús
Búðargötu 4 Reyðarfirði • Sími 470 5555

Í PIZZUM ERUM VIÐ BETRI

www.egilsstadir.com • sími 471 1114
Hótelíð við Fljótið
Eldhúsið opið alla daga 12 til 21

Góður veitingarstaður
með fjölbreyttum matseðl.
Veisluþjónusta: Barnaafmæli, pizzur og fl.
Veislur fyrir stærri hópa. Bolti í beinni á
100" breiðtjaldi og 50" sjónvarpi.

INNANSTOKKS

Miðási 9 • Egilsstaðir • Sími: 470-1600

TRYGGINGAR/ÖRYGGI

440 2400

Sjóvá • Miðvangi 1 • 700 Egilsstöðum
Opið 8:30 - 16:30 alla virka daga.

MARKAÐUR

Miðás 7 • sími 471 3002
Opið virka daga 10 - 18 - Laugard. 13 - 17

BIFREIÐAÞJÓNUSTA

RÉTTINGAR
SPRAUTUN
DEKK
PRÍF
Sími: 477-1169
RVS@SIMNET.IS

5:471-2005 GSM:897-7766

Réttingar og sprautun
Framrúðuskipti
Bílaaleiga.
Opið virka daga kl. 8-18

Smiðjusel 5 • Fellabæ
700 Egilsstaðir • s: 471 1696

Opið mánud.-föstud. kl. 8-12 og 13-18
Lyngás 5 • 700 Egilsstaðir • sími 471 3113

BÍLA OG VÉLAVERSTÆÐI

Sími 471 2013 • www.rafey.is
Miðási 11 • 700 Egilsstaðir

Bíla- og vélaverkstæði
Rafverktakar- Rafeindapjónusta
Rafvélaþjónusta • 8:00 til 18:00

ÞVOTTAHÚS

Gleraugnaþjónusta, gullsmíði & úrsmíði
Lagarás 8 - Egilsstaðir - s. 471 2020
Búðareyri 15 - Reyðarfjörður - s. 474 1234
Gsm 692-9990

Fíðrildið
Notað og nýtt fyrir börnin
Kíkið endilega á heimasíðuna okkar www.fidrildid.is
Erum einnig á www.facebook.com/fidrildid

Ráðherrar í nýrri stjórnarskrá

Mikil umræða fór fram í stjórnlagaráði um þingræði og forsetaræði. Forsetaræði þýðir að forseti eða forsætisráðherra er kosinn beint af þjóðinni, fyrirmyndirnar sjáum við í Bandaríkjunum og Frakklandi. Niðurstaða ráðsins varð sú að taka ekki þetta skref og halda sig við þingræðið. Krafa þjóðfundar var aukin valddreifing og því þótti rétt að ráðherrar sætu ekki á þingi sem þingmenn né höfðu þar atkvæðisrétt. Greinin um þetta er svohljóðandi:

89. gr.

Ráðherrar og Alþingi.

Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa. Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi. Sé alþingismaður skipaður ráðherra vikur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans.

90. grein fjallar um stjórnarmyndun:

90. gr.

Stjórnarmyndun.

Alþingi kys forsætisráðherra. Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokki eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra. Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.

Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu. Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra

og veitir þeim lausn. Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti.

Hér er nýnæmið það að kosning forsætisráðherra er formleg og skal fara fram á alþingi. Forseti Íslands veitir eins og nú stjórnarmyndunarumboð en þó er fastar að því kveðið. Hann skipar og forsætisráðherra formlega í embætti. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.



Lyður Arnason

91. gr.

Vantraust.

Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans. Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á forsætisráðherra. Greinin um vantraust lýtur aðallega

að því að berist tillaga um slíkt frá alþingi skal hún innibera tillögu um eftirmann og er þetta gert til að auka ábyrgð þingsins. Alþingi getur borið fram vantraust á hvern ráðherra fyrir sig en sé vantrauststillaga samþykkt á forsætisráðherra fýkur öll ríkisstjórnin með honum.

Þessi þrjú ákvæði eru helstu nýjungarnar sem lúta að ráðherrum. Eins og fram kemur í upphafsorðunum var þetta mikið rétt og sérlega dreginn í efa nægilegur

aðskilnaður þings og ráðherra með þessum tillögum. Í alþingiskaflanum er þó að finna nokkur ákvæði sem auka sjálfstæði þingsins gegn framkvæmda-valdinu. Líka má benda á málskotsrétti forseta og þjóðar til hömlunar þingi og ráðherrum sem missa sjónar af umboði sínu. Með þetta aukna aðhald í huga ákvað stjórnlagaráð að fara þessa leið.

Lyður Arnason, lækni og fyrrum fulltrúi í stjórnlagaráði.

Fjárheimildir til Norðfjarðarganga hafa ekki verið felldar niður

Austurglugginn hefur undanfarið birt greinar og viðtöl vegna Norðfjarðarganga. Í viðtali við mig sem birtist í blaðinu þann 12 ágúst s.l. reyndi ég að upplýsa lesendur um stöðu mála hvað Norðfjarðargöng varðar. Hinn 19. ágúst birtist svo viðtali við Ögmund Jónasson, innanríkisráðherra, þar sem hann var spurður út í stöðu mála. Ég skal jata það hrein-skilningslega að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svör hans og stefnu. Ég neita að trúa því að hann ætli sér að slá þessa mikilvægu framkvæmd af. Í viðtalinu er Ögmundur m.a. spurður út í ummæli mín þess efnis að hann væri að fara gegn vilja Alþingis og svíkja þær samþykktir sem fyrir lægju. Orðrétt svarar Ögmundur: „... ekki vera að svíkja Kristján Möller því hann tók þátt í atkvæðagreiðslu um málið þar sem hann felldi út fjárheimildir til Norðfjarðarganga.“ Mér er lífsins ómögulegt að skilja hvað Ögmundur er að fara með þessu og mótmæli ummælum hans harðlega. Engin atkvæðagreiðsla hefur farið fram á Alþingi þar sem felldar voru út fjárheimildir til Norðfjarðarganga.

Gildandi samgönguáætlun
Í gildandi samgönguáætlun (vegaáætlunarhluta) sem ég lagði fram á Alþingi stendur m.a. eftirfarandi um Norðfjarðargöng:

„Eins og kunnugt er þá er jarðgangaaætlun hluti vegaaætlunar. Í gildandi vegaaætlun var gert ráð fyrir

að framkvæmdir við Norðfjarðargöng hæfust 2009 en nú er gert ráð fyrir að þær hefjist 2011. Gert er ráð fyrir 220 millj. kr. framlagi 2011 og 1.174 millj. kr. 2012.“

Tillagan var samþykkt með 42 samhljóða atkvæðum á Alþingi þann 15. júní 2010. Rétt er að ítreka það sem þarna stendur, að jarðgangnaáætlun er hluti af vegaaætlun. Þetta þýðir einfaldlega að samgönguáætlun er eina áætlunin sem í gildi er. Þessari samþykkt hefur aldrei verið breytt og þessi fjárhæð, um 1.5 milljarður króna árin 2011 og 2012 er til upphafsframkvæmda eins og áætlanir gera ráð fyrir.

Með samþykkt Alþingis var ekki verið að vekja upp neinar falsvönir eins og Ögmundur hefur kallað það. Með þessu var Alþingi að veita upphafsfé og ákveða að ráðast í þetta brýna verkefni. Sami háttur var hafður á með Norðfjarðargöng og önnur langtíma-verkefni, þ.e. tiltekið var að frekara fé vantaði í samgönguáætlun 2013 og áfram. Nákvæmlega sama fyrirkomulag eins og t.d. á við um framkvæmdir á sunnanverðum Vestfjörðum sem Ögmundur hefur sagst ætla að standa við. Þar vantar fjármuni fyrir árin 2013 og næstu ár þar á eftir. Það stöðvar ráðherrann þó ekki í lofordum um framkvæmdir þar. Er þessu eitthvað öðruvísi háttað með Norðfjarðargöng Ögmundur?

Samstaða allra þingmanna NA kjördæmis

Rétt er að ítreka enn einu sinni að allir þingmenn NA kjördæmis hafa samþykkt að Norðfjarðargöng verði aðal verkefni samgöngumála í kjördæminu á næstu árum. Verkefnið er brýnt og þolir enga bið. Þess vegna er um 90% af framkvæmdafé kjördæmisins varið í Norðfjarðargöng árið 2012.

Vilja Alþingis er að finna í samþykkt samgönguáætlunar og fjárhæðir áætlaðar til að hefja framkvæmdir á næsta ári. Það er síðan Ögmundar



Kristján L. Möller

Jónassonar að fylgja þessu máli eftir, eins og öðrum verkum, nema að hann sé að undirbúa okkur undir að hann vilji hætta við þessa framkvæmd.

Ekki frekari niðurskurður
Innanríkisráðherra hefur sagt að ríkisstjórnin hafi ákveðið að ráðast ekki í

frekari niðurskurð í samgöngumálum en verið hefur. Því er mér óskiljanlegt hvers vegna hann ræðst með þessu oforsi gegn Norðfjarðargöngum sem allir eru sammála um að sé mjög brýn framkvæmd. Í fyrrnefndu viðtali við Austurgluggann segir Ögmundur einnig: „...sá er munur á Vestfjörðum og öðrum landshlutum að þar er víða hreinlega ekki hægt að komast leiðar sinnar og til þess þurfum við að horfa.“ Hið sama má segja um núverandi veg og göng um Oddsskarð.

Umferð um Oddsskarðið er hins vegar margfalt meiri og þungaflutningar miklir. Höfum það hugfast að um 30% útflytningstekna koma úr Fjarðarbyggð.

Um Vaðlaheiðargöng

Að gefnu tilefni er rétt að áréttast að fyrirhugaðar framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng hafa engin áhrif á hefðbundnar ríkisframkvæmdir í samgöngumálum.

Um þetta vísast til fyrrnefndrar samgönguáætlunar en þar segir: „Mikilvægt er að með gjaldtöku á notendur er annars vegar hægt að leggja í mannaflsfrekar samgönguframkvæmdir til að halda upp atvinnu í landinu og hins vegar til að flýta einstökum framkvæmdum í forgangsroðun sem hefur þó ekki áhrif á röðun annarra framkvæmda sem fyrirhugað er að fara í í samræmi við langtímaáætlun í samgöngumálum.“

Norðfjarðargöng eru eins og áður hefur komið fram á samgönguáætlun. Einkaframkvæmd við Vaðlaheiðargöng hefur því engin áhrif á framgang Norðfjarðarganga.

Verk að vinna - Hefjumst handa
Höldum okkur við gildandi samgönguáætlun og hefjumst handa við gerð Norðfjarðarganga þegar á næsta ári. Engar fjárheimildir til verksins hafa verið felldar niður.

Kristján L. Möller
alþingismaður og fyrrv. samgöngu og sveitarstjórnarráðherra

Gunnlaugur
Stefánsson, Heydölum



Hugleiðing

Jákvætt lífsviðhorf er dýrmætt í dagsins önn. Að takast á við verkefni og óvæntar upptækur með von í hjarta og sjá sóknarfærni í stað þess að gera strax ráð fyrir uppgjöf í kvíða og áhyggjum. Ég þekki fjölskyldu sem á sameiginlega stund einu sinni í viku og ræktar þakklæti með því að sérhver telur upp eitt og annað gott sem borið hefur við undanfarna daga og þakkar fyrir. Þetta er skapandi rækt við jákvætt lífsviðhorf, styrkir persónulega ábyrgðarvitund og eflir þrek til þess að takast á við lífið. Líkamsrækt og útlitsdýrkun er vinsæl, en minna fer fyrir ræktinni til að styrkja velfarnað í mannlegum samskiptum. Nóg er af öfund og reiði, biturð og sjálfsvorkunn, og margir eru sérfræðingar í að finna brotalamir í fari annarra, en forðast eins og heitan eldinn að horfa í eigin barm, skynja ábyrgð sína og játtast sjálfum sér. Til að komast sæmilega af verðum við einnig að geta sett okkur í annarra spor, rækta æðruleysi og greina viðhorf og aðstæður frá ólíkum sjónarhornum. Græðgin á sér oft engin takmörk og veður yfir allt með frekju og tillitsleysi, sérstaklega þegar peningar eru í spilum. Íslenskt þjóðlíf hefur sára reynslu af því og ekki enn bitíð úr nálinni með það.

Nú þarf íslensk þjóð að stofna til átaks og rækta jákvætt lífsviðhorf, efla skapandi þátttöku í menningarstarfi og félagslífi, mæra hið góða og fagra, glæða viðsýni og leggja af bölsýni og gremju, greina sóknarfærni og byggja upp. Stjórnmalamenn verða að vakna og fara upp úr skotgröfunum, taka höndum saman þvert á flokka og valda drauma og rækta traust og trúnað í samskiptum. Ísland er auðugt og fallett land. Við eigum svo mikil gæði sem við njótum langt um fram aðrar þjóðir og sóknarfærni, stór og mörg, blasa við. Hér á að búa lífsglöð, framsækin og þakklát þjóð.

Torfæra

Ólafur Bragi Íslandsmeistari í torfæru í annað sinn

Ólafur Bragi Jónsson, ökuþór frá Egilsstöðum, varð nýverið Íslandsmeistari í torfæruakstri í annað sinn. Ólafur Bragi tók þátt í þremur keppnum í sumar og vann þær allar.

Ólafur Bragi vann keppnirnar á Akureyri, Egilsstöðum og þá seinustu á Blönduósi en eknar voru fjórar umferðir í Íslandsmótinu. Með sigrinum á Blönduósi endurheimti hann titilinn sem hann vann árið 2008.

„Mér fannst ég þurfa að hafa meira fyrir titlinum þá. Gömlu samkeppnisaðilarnir eru hættir og nýir teknir við sem eiga eftir að öðlast reynslu,“ segir Ólafur.

Útlitið var ekki gott fyrir Ólaf eftir fyrstu þrautina á Blönduósi þar sem hann var seinastur. Hann snéri við taflinu í annarri braut sem hann kláraði einn og var orðinn efstur eftir þá þriðju. Þótt bilun kæmi upp í bílnum keyrði hann rólegur til loka og vann. Það hjálpaði að helsti keppninautur hans, Jóhann Rúnarsson á Trúðnum, heltist úr lestinni eftir þriðju braut.

GG



Fótbolti

Markahæsti knattspyrnumaður Íslandsmótsins frá upphafi

Um síðustu helgi náði Vilberg Marínó Jónasson, leikmaður meistaraflokks Leiknis á Fáskrúðsfirði, þeim merka áfanga að slá markamet Íslandsmótsins í knattspyrnu. Vilberg hefur skorað 12 mörk á tímabilinu fyrir Leikni og hefur því alls skorað 212 mörk á ferlinum.

Fyrri metið átti Valdimar Kr. Sigurðsson, núverandi leikmaður Kára frá Akranesi, en hann hafði átt metið um þónokkurt skeið. Valdimar lagði skóna á hilluna árið 2009 en dró þá fram að nýju á þessu tímabili og því við búist að þeir muni berjast um þennan titil áfram. Alls hefur Vilberg skorað 212 mörk en Valdimar 210.

Á heimasíðu Leiknis segir að „af þessum 212 mörkum hefur Villi skorað 123 fyrir Leikni í 132 leikjum. Ef bikarleikir með Leikni eru taldir með þá eru mörkin 133 í 141 leik. Það gerir rúmlega 0,94 mörk í leik. Sem er frábært“.

Aðspurður segist Vilberg vera „mjög ánægður með að hafa náð þessum áfanga, þetta er eitthvað sem ég hef stefnt á nokkuð lengi. Ég vil þakka þeim sem hafa spilað með mér og vil meina að ég hafi verið heppinn með liðsfélaga í gegnum tíðina. Vardandi framhaldið þá tek ég bara eitt tímabil í einu og svo lengi sem ég er laus við meiðsl og get gert gagn á vellinum þá held ég áfram.“

